



**Greining tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar
leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila
Skýrsla starfshóps**



febrúar 2011



Útgáfa: Reykjavíkurborg – Starfshópur um greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila.

Febrúar 2011

Unnið af: Starfshópi um greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila og starfsfólki Menntasviðs, Leikskólasviðs og ÍTR.

Efnisyfirlit

Tillögur starfshópsins	5
<i>Árbær, Grafarholt, Norðlingaholt og Úlfarsárdalur</i>	5
<i>Breiðholt</i>	5
<i>Grafarvogur</i>	6
<i>Laugardalur</i>	7
<i>Háaleiti og Bústaðahverfi</i>	7
<i>Miðborg og Hlíðar</i>	8
<i>Vesturbær</i>	9
Inngangur	10
Störf hópsins.....	12
<i>Fundir hópsins</i>	12
<i>Samráðsferli</i>	12
<i>Viðtöl við stjórnendur</i>	12
<i>Ábendingagátt</i>	12
<i>Hverfafundir og samráðsfundir starfsmanna</i>	13
<i>Rýnihópar</i>	14
<i>Samráðsfundur með stjórnendum</i>	14
<i>Upplýsingapóstur</i>	15
<i>Stéttarfélög</i>	15
<i>Úrvinnsla hugmynda og samráðsgagna</i>	15
Tillögur.....	17
<i>Skólahverfamörk</i>	17
<i>Tímasetning tillagna</i>	17
Tillögur sem tengjast frístund.....	17
<i>Frístundaheimili</i>	17
Tillögur sem tengjast grunnskólum	20
<i>Sameiningar grunnskóla</i>	20
<i>Fjárhagslegur ávinningur sem tengist sameiningum og breyttu skipulagi grunnskólastarfs</i>	27
Tillögur sem tengjast leikskólum	29
<i>Sameiningar leikskóla</i>	29
<i>Fjárhagslegt hagræði af tillögum um leikskóla</i>	38
Tillögur sem tengjast sameiningu leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila.....	38

<i>Fjárhagslegt hagræði af tillögum um sameiningu leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila</i>	40
Verklagsreglur vegna sameiningar	40
Viðauki 1 – Fjölgun plássá í leikskólum í Reykjavík 2011.....	44
Viðauki 2 – Val á þátttakendum í rýnihópa	45
Viðauki 3 – Heildarmat á skólastarfi.....	47
Viðauki 4 – Erindisbréf hópsins	48
Viðauki 5 – Erindisbréf starfshóps.....	49
Viðauki 6 – Greinargerð fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í starfshópi.....	50
Viðauki 7 – Kort af hverfum Reykjavíkurborgar	52

Tillögur starfshópsins

Árbær, Grafarholt, Norðlingaholt og Úlfarsárdalur

Grunnskólar og frístundaheimili

Sameiginleg yfirstjórn grunnskóla og frístundaheimila

Lagt er til að stefnumótun fyrir skóla- og frístundaheimili verði sameiginleg í allri borginni frá og með hausti 2012. Stofnaður verði starfshópur í því skyni að útfæra nýja sýn á samþættingu skóla- og frístundastarfs 6-9 ára barna. Stefnt verði að því að haustið 2011 verði skóla- og frístundastarf 6-9 ára barna samþætt í að minnsta kosti einu þjónustuverfi og jafnframt því undirbúin innleiðing í borginni allri.

Sameining leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis

Ártúnsskóli, leikskólinn Kvarnaborg og frístundaheimilið Skólasel verði sameinuð

Lagt er til að grunnskólinn Ártúnsskóli (154 nemendur), leikskólinn Kvarnaborg (63 börn) og frístundaheimilið Skólasel (68 börn) verði sameinuð undir einni yfirstjórn. Sameiningin komi til framkvæmda á árinu 2011 og við undirbúning breytinganna hafi fræðslustjóri, sviðsstjóri Leikskólasviðs, skrifstofustjóri tólmstundamála og skólastjórnendur náði samráð við foreldra, nemendur og starfsfólk.

Breiðholt

Grunnskólar og frístundaheimili

Sameiginleg yfirstjórn grunnskóla og frístundaheimila

Lagt er til að stefnumótun fyrir skóla- og frístundaheimili verði sameiginleg í allri borginni frá og með hausti 2012. Stofnaður verði starfshópur í því skyni að útfæra nýja sýn á samþættingu skóla- og frístundastarfs 6-9 ára barna. Stefnt verði að því að haustið 2011 verði skóla- og frístundastarf 6-9 ára barna samþætt í a.m.k. einu þjónustuverfi og jafnframt því undirbúin innleiðing í borginni allri.

Grunnskólar

Fellaskóli og Hólabrekkuskóli verði yngri barna og eldri barna skólar

Lagt er til að skoðað verði að Fellaskóli og Hólabrekkuskóli verði aldursskiptir, þannig að annar verði yngri barna skóli og hinn unglingaskóli. Undirbúningur breytinga fari fram skólaárið 2011-2012 og stefnumótandi tillaga komi til ákvörðunar fyrir upphaf skólaárs 2012-2013. Við undirbúning breytinga hafi fræðslustjóri og skólastjórnendur náði samráð við foreldra, nemendur og starfsfólk.

Leikskólar

Arnarborg og Fálkaborg verði sameinaðir

Lagt er til að leikskólarnir Arnarborg (66 börn) og Fálkaborg (60 börn) verði sameinaðir undir eina stjórn. 126 börn verði í sameinuðum leikskóla. Sameiningin komi til framkvæmda árið 2011. Við undirbúning breytinga hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og skólastjórnendur náði samráð við foreldra og starfsfólk.

Seljaborg og Seljakot verði sameinaðir

Lagt er til að leikskólarnir Seljaborg (58 börn) og Seljakot (58 börn) verði sameinaðir undir eina stjórn. 116 börn verði í sameinuðum leikskóla. Sameiningin komi til framkvæmda árið 2011. Við undirbúning breytinga hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og skólastjórnendur náði samráð við foreldra og starfsfólk.

Ösp og Hraunborg verði sameinaðir

Lagt er til að leikskólarnir Ösp (54 börn) og Hraunborg (64 börn) verði sameinaðir undir eina stjórn. 118 börn verði í sameinuðum leikskóla. Sameiningin komi til framkvæmda árið 2011. Við undirbúning breytinga hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og skólastjórnendur náð samráð við foreldra og starfsfólk.

Suðurborg og Hólaborg verði sameinaðir

Lagt er til að leikskólarnir Suðurborg (117 börn) og Hólaborg (68 börn) verði sameinaðir undir eina stjórn. 185 börn verði í sameinuðum leikskóla. Sameiningin komi til framkvæmda árið 2011. Við undirbúning breytinga hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og skólastjórnendur náð samráð við foreldra og starfsfólk.

Hálsaborg og Hálsakot verði sameinaðir

Lagt er til að leikskólarnir Hálsaborg (60 börn) og Hálsakot (73 börn) verði sameinaðir undir eina stjórn. 133 börn verði í sameinuðum leikskóla. Sameiningin komi til framkvæmda árið 2011. Við undirbúning breytinga hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og skólastjórnendur náð samráð við foreldra og starfsfólk.

Grafarvogur

Grunnskólar og frístundaheimili

Sameiginleg yfirstjórn grunnskóla og frístundaheimila

Lagt er til að stefnumótun fyrir skóla- og frístundaheimili verði sameiginleg í allri borginni frá og með hausti 2012. Stofnaður verði starfshópur í því skyni að útfæra nýja sýn á samþættingu skóla- og frístundastarfs 6-9 ára barna. Stefnt verði að því að haustið 2011 verði skóla- og frístundastarf 6-9 ára barna samþætt í a.m.k. einu þjónustuhverfi og jafnframt því undirbúin innleiðing í borginni allri.

Grunnskólar

Korpuskóli og Víkurskóli verði sameinaðir

Lagt er til að Korpuskóli (173 nemendur) og Víkurskóli (331 nemandi) verði sameinaðir undir eina yfirstjórn haustið 2011 og að nemandur í 8. – 10. bekk úr Staðahverfi sækir áfram nám í Víkurskóla. Við undirbúning breytinga hafi fræðslustjóri og skólastjórnendur náð samráð við foreldra, nemendur og starfsfólk.

Borgaskóli og Engjaskóli verði sameinaðir

Lagt er til að Borgaskóli (296 nemendur) og Engjaskóli (297 nemendur) verði sameinaðir undir eina yfirstjórn haustið 2011. Í framhaldi verði skólastjórnendum falið að vinna að auknu samstarfi eða sameiningu unglíngadeilda skólanna. Undirbúningur hefjist skólaárið 2011 – 2012 og stefnumótandi ákvörðun komi til framkvæmda við upphaf skólaársins 2012-2013. Við undirbúning breytinga hafi fræðslustjóri og skólastjórnendur náð samráð við foreldra, nemendur og starfsfólk.

Foldaskóli verði heildstæður safnskóli á unglíngastigi fyrir nemendur úr Húsaskóla og Hamraskóla

Lagt er til að Foldaskóli verði heildstæður safnskóli fyrir suðurhluta Grafarvogs sem taki við unglíngum úr 8.-10. bekk Húsaskóla og Hamraskóla. Undirbúningur hefjist skólaárið 2011-2012 og stefnumarkandi ákvörðun komi til framkvæmda skólaárið 2012-2013. Við undirbúning breytinga hafi fræðslustjóri og skólastjórnendur náð samráð við foreldra, nemendur og starfsfólk. Samhliða þessum breytingum yrði rekstur Húsaskóla og Hamraskóla skoðaður með tilliti til betri nýtingar á húsnæði og hugsanlegrar sameiningar í stjórnun, eða sameininga við leikskóla í nágrenninu.

Leikskólar

Foldaborg, Foldakot og Funaborg verði sameinaðir

Lagt er til að leikskólarnir Foldaborg (64 börn), Foldakot (46 börn) og Funaborg (52 börn) verði sameinaðir undir eina stjórn. 162 börn verði í sameinuðum leikskóla. Sameiningin komi til framkvæmda árið 2011. Við undirbúning breytinga hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og skólastjórnendur náði samráð við foreldra og starfsfólk.

Laugardalur

Grunnskólar og frístundaheimili

Sameiginleg yfirstjórn grunnskóla og frístundaheimila

Lagt er til að stefnumótun fyrir skóla- og frístundaheimili verði sameiginleg í allri borginni frá og með hausti 2012. Stofnaður verði starfshópur í því skyni að útfæra nýja sýn á samþættingu skóla- og frístundastarfs 6-9 ára barna. Stefnt verði að því að haustið 2011 verði skóla- og frístundastarf 6-9 ára barna samþætt í a.m.k. einu þjónustuhverfi og jafnframt því undirbúin innleiðing í borginni allri.

Leikskólar

Holtaborg og Sunnuborg verði sameinaðir

Lagt er til að leikskólarnir Holtaborg (66 börn) og Sunnuborg (90 börn) verði sameinaðir undir eina yfirstjórn. 156 börn verði í sameinuðum leikskóla. Sameiningin komi til framkvæmda á árinu 2011. Við undirbúning breytinga hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og skólastjórnendur náði samráð við foreldra og starfsfólk.

Ásborg og Hlíðarendi verði sameinaðir

Lagt er til að leikskólarnir Ásborg (109 börn) og Hlíðarendi (24 börn) verði sameinaðir undir eina yfirstjórn. 145 börn verði í sameinuðum leikskóla. Sameiningin komi til framkvæmda árið 2011. Við undirbúning breytinga hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og skólastjórnendur náði samráð við foreldra og starfsfólk.

Laugaborg og Lækjaborg verði sameinaðir

Lagt er til að leikskólarnir Laugaborg (93 börn) og Lækjaborg (63 börn) verði sameinaðir undir eina stjórn. 159 börn verði í sameinuðum leikskóla, auk viðbótarhúss með rými fyrir 16 börn. Sameiningin komi til framkvæmda árið 2011. Við undirbúning breytinga hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og skólastjórnendur náði samráð við foreldra og starfsfólk.

Háaleiti og Bústaðahverfi

Grunnskólar og frístundaheimili

Sameiginleg yfirstjórn grunnskóla og frístundaheimila

Lagt er til að stefnumótun fyrir skóla- og frístundaheimili verði sameiginleg í allri borginni frá og með hausti 2012. Stofnaður verði starfshópur í því skyni að útfæra nýja sýn á samþættingu skóla- og frístundastarfs 6-9 ára barna. Stefnt verði að því að haustið 2011 verði skóla- og frístundastarf 6-9 ára barna samþætt í a.m.k. einu þjónustuhverfi og jafnframt því undirbúin innleiðing í borginni allri.

Fossvogsskóli, leikskólinn Kvistaborg og frístundaheimilið Neðstaland verði sameinuð

Lagt er til að grunnskólinn Fossvogsskóli (306 nemendur), leikskólinn Kvistaborg (63 börn) og frístundaheimilið Neðstaland (98 börn) verði sameinuð. Barnafjöldi eftir sameiningu verða 63 börn á leikskólaaldri og 306 börn á grunnskólaaldri. Sameiningin komi til framkvæmda á árinu 2011 og við undirbúning breytinganna hafi fræðslustjóri, sviðsstjóri Leikskólasviðs, skrifstofustjóri tólmstundamála og skólastjórnendur náði samráð við foreldra, nemendur og starfsfólk.

Grunnskólar

Álftamýrarskóli og Hvassaleitisskóli verði sameinaðir

Lagt er til að Hvassaleitisskóli (206 nemendur) og Álftamýrarskóli (330 nemendur) verði sameinaðir undir eina yfirstjórn. Tillagan komi til framkvæmda í upphafi skólaárs 2011-2012. Í framhaldi verði nýjum skólastjórnendum falið að vinna að flutningi nemenda á unglíngastigi fyrir skólaárið 2012-2013 og gætu þeir valið um skólavist í Réttarholtsskóla eða Álftamýrarskóla. Við undirbúning breytinga hafi fræðslustjóri og skólastjórnendur náði samráð við foreldra, nemendur og starfsfólk.

Leikskólar

Furuborg og Skógarborg verði sameinaðir

Lagt er til að leikskólarnir Furuborg (66 börn) og Skógarborg (51 barn) verði sameinaðir undir eina stjórn. 117 börn verði í sameinuðum leikskóla. Sameiningin komi til framkvæmda árið 2011. Við undirbúning breytinga hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og skólastjórnendur náði samráð við foreldra og starfsfólk.

Miðborg og Hlíðar

Grunnskólar og frístundaheimili

Sameiginleg yfirstjórn grunnskóla og frístundaheimila

Lagt er til að stefnumótun fyrir skóla- og frístundaheimili verði sameiginleg í allri borginni frá og með hausti 2012. Stofnaður verði starfshópur í því skyni að útfæra nýja sýn á samþættingu skóla- og frístundastarfs 6-9 ára barna. Stefnt verði að því að haustið 2011 verði skóla- og frístundastarf 6-9 ára barna samþætt í a.m.k. einu þjónustuhverfi og jafnframt því undirbúin innleiðing í borginni allri.

Leikskólar

Barónsborg, Lindarborg og Njálshöfðin verði sameinaðir

Lagt er til að leikskólarnir Barónsborg (35 börn), Lindarborg (60 börn) og Njálshöfðin (50 börn) verði sameinaðir undir eina yfirstjórn. 145 börn verði í sameinuðum leikskóla. Sameiningin komi til framkvæmda á árinu 2011. Við undirbúning breytinga hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og skólastjórnendur náði samráð við foreldra og starfsfólk.

Hamraborg og Sólbakki verði sameinaðir

Lagt er til að leikskólarnir Hamraborg (85 börn) og Sólbakki (52 börn) verði sameinaðir undir eina yfirstjórn. 137 börn verði í sameinuðum leikskóla. Sameiningin komi til framkvæmda á árinu 2011. Við undirbúning breytinga hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og skólastjórnendur náði samráð við foreldra og starfsfólk.

Sólhlíð og Hlíðaborg verði sameinaðir

Lagt er til að leikskólarnir Sólhlíð (90 börn) og Hlíðaborg (53 börn) verði sameinaðir undir eina yfirstjórn. 143 börn verði í sameinuðum leikskóla. Sameiningin komi til framkvæmda á árinu 2011.

Við undirbúning breytinga hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og skólastjórnendur náði samráð við foreldra og starfsfólk.

Vesturbær

Grunnskólar og frístundaheimili

Sameiginleg yfirstjórn grunnskóla og frístundaheimila

Lagt er til að stefnumótun fyrir skóla- og frístundaheimili verði sameiginleg í allri borginni frá og með hausti 2012. Stofnaður verði starfshópur í því skyni að útfæra nýja sýn á samþættingu skóla- og frístundastarfs 6-9 ára barna. Stefnt verði að því að haustið 2011 verði skóla- og frístundastarf 6-9 ára barna samþætt í a.m.k. einu þjónustuhverfi og jafnframt því undirbúin innleiðing í borginni allri.

Grunnskólar

Hagaskóli verði safnskóli á unglingsstigi fyrir nemendur 7.- 10. bekkjar í Vesturbæ og nemendur færast í hann ári fyrir úr Melaskóla, Vesturbæjarskóla og Grandaskóla.

Lagt er til að nemendur í 7. bekk í Melaskóla, Vesturbæjarskóla og Grandaskóla flytjist í Hagaskóla. Hann verði safnskóli fyrir nemendur í 7. – 10. bekk í stað 8.-10. bekkjar eins og nú er. Undirbúningur hefjist skólaárið 2011–2012 og stefnumarkandi ákvörðun komi til framkvæmda í upphafi skólaársins 2012-2013. Við undirbúning breytinga hafi fræðslustjóri og skólastjórnendur náði samráð við foreldra, nemendur og starfsfólk.

Leikskólar

Dvergasteinn og Drafnarborg verði sameinaðir

Lagt er til að leikskólarnir Dvergasteinn (65 börn) og Drafnarborg (35 börn) verði sameinaðir undir eina yfirstjórn. 100 börn verði í sameinuðum leikskóla. Tillagan komi til framkvæmda á árinu 2011. Við undirbúning breytinga hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og skólastjórnendur náði samráð við foreldra og starfsfólk.

Sameining leik-, grunnskóla og frístundaheimila 2011- 2014

	2011	2012	2013	2014	Uppsöfnuð áhrif
*Grunnskóli breytingar á yfirstjórn (3 sameiningar)	-14.754.000 kr.	14.327.000 kr.	61.361.000 kr.	72.432.000 kr.	133.366.000 kr.
Leikskóli breytingar á yfirstjórn (14 sameiningar)	18.388.965 kr.	105.266.573 kr.	105.266.573 kr.	105.266.573 kr.	334.188.685 kr.
Sameinaðir leik- og grunnskólar, breytingar á yfirstjórn (2 sameiningar)	-1.475.304 kr.	13.487.601 kr.	18.312.601 kr.	18.312.601 kr.	48.637.499 kr.
Hagkvæmari bekkjardeildir í grunnskólum (8 skólar)	4.525.000 kr.	18.935.000 kr.	29.787.000 kr.	29.787.000 kr.	83.034.000 kr.
Sameiginleg yfirstjórn skóla og frístundaheimila (37 skólar)	3.915.000 kr.	17.850.000 kr.	28.650.000 kr.	28.650.000 kr.	79.065.000 kr.
Innri leiga vegna bygginga (Vesturbæjarskóla, Rimaskóla, Korpuskóli)		116.160.000 kr.	116.160.000 kr.	116.160.000 kr.	348.480.000 kr.
Hagræðing vegna breytinga á frístundastarfi vegna tillagna í grunnskóla	4.100.000 kr.	26.327.000 kr.	39.927.000 kr.	39.927.000 kr.	110.281.000 kr.
Samtals rekstrartengdur kostnaður	14.699.660 kr.	312.353.174 kr.	399.464.174 kr.	410.535.174 kr.	1.137.052.184 kr.
Skipulagsbreytingar sem koma í veg fyrir þörf á viðbyggingum/nýbyggingar:					
Stofnkostnaður (hætt við viðbyggingar, Vesturb/Rima- og Korpuskóli)	690.000.000 kr.	630.000.000 kr.			1.320.000.000 kr.
Betri nýting húsnæðis sem kemur í veg fyrir nýbyggingar leikskóla	300.000.000 kr.	400.000.000 kr.			700.000.000 kr.
Stofnkostnaður alls	990.000.000 kr.	1.030.000.000 kr.			2.020.000.000 kr.

*Allar tölur miðaðar við meðalbiðlaun / kjarasamningsbundinn rétt starfsfólks.

Inngangur

Þann 3. nóvember 2010 stofnaði borgarstjórinn í Reykjavík, Jón Gnarr, starfshóp um greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Hópurinn tók til starfa samkvæmt erindisbréfi þann 8. nóvember 2010 og skilaði lokaskýrslu þann 28. febrúar 2011.

Fastir fulltrúar í starfshópnum samkvæmt erindisbréfi voru borgarfulltrúarnir Oddný Sturludóttir, formaður, Eva Einarsdóttir (var í leyfi til áramóta), Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir og Diljá Ámundadóttir, Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri, Ragnhildur E. Bjarnadóttir, sviðsstjóri Leikskólasviðs og Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri tólmstundamála ÍTR. Verkefnisstjóri hópsins var Óskar J. Sandholt. Hrafnkell T. Stefánsson, Ingibjörg Gísladóttir og Ragnheiður E. Stefánsdóttir frá starfsmannþjónustum sviðanna tóku einnig þátt í starfi hópsins. Annað starfsfólk Leikskólasviðs, Menntasviðs og ÍTR sem starfaði með hópnum var: Ómar Einarsson sviðsstjóri, Snorri Jóelsson starfsmannastjóri og Bragi Þór Bjarnason fjármálastjóri frá ÍTR; Hildur Skarphéðinsdóttir skrifstofustjóri Leikskólaskrifstofu, Ingunn Gísladóttir starfsmannastjóri, Sigrún Björnsdóttir upplýsingafulltrúi og Kristín Egilsdóttir fjármálastjóri frá Leikskólasviði, Auður Árný Stefánsdóttir skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu, Valgerður Janusdóttir starfsmannastjóri, Hildur Björk Svavarsdóttir deildarstjóri tölfraeði- og rannsóknþjónustu og Jón Ingi Einarsson fjármálastjóri frá Menntasviði. Í undirhópi um mannauðsmál sátu Hallur Páll Jónsson, mannauðsstjóri Reykjavíkur, Kristín Þóra Harðardóttir, vinnuréttarlögfræðingur, Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri Leikskólasviðs, Snorri Jóelsson, starfsmannastjóri ÍTR og Valgerður Janusdóttir, starfsmannastjóri Menntasviðs. Fjölmarginir aðrir starfsmenn sviðanna tóku einnig þátt í starfi hópsins.

Hlutverk starfshópsins var að greina tækifæri í hverfum borgarinnar til endurskipulagningar á rekstri leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila með faglegan og fjárhagslegan ávinning í huga. Af því tilefni var ákveðið að skoða möguleika á hagræðingu í skipulagi frístunda-, leikskóla- og grunnskólastarfs; stjórnunarkostnaði og húsnæðisnýtingu, ásamt því að skoða frekari samþættingu skóla- og frístundastarfs og samfellu milli skólastiga. Síðastliðin ár hafa sameiningar í skólaumhverfinu, sérstaklega á Leikskólasviði, verið í skoðun með faglegan og fjárhagslegan ávinning í huga. Lög um leikskóla, nr. 90/2008, og lög um grunnskóla, nr. 91/2008, veita ríkar heimildir til sveitarfélaga til að endurskipuleggja skólastarf út frá faglegum og fjárhagslegum sjónarmiðum. Starfshópurinn setti sér strax þau markmið að standa vörð um metnaðarfullt skóla- og frístundastarf og leita allra leiða til að hagræða með skipulagsbreytingum. Nemendum hefur stöðugt fækkað í grunnskólum borgarinnar síðastliðin átta ár og hefur það leitt til þess að víða er húsnæði grunnskóla vannýtt á meðan biðlistar eftir leikskólaplássum eru að lengjast. Leikskólar borgarinnar eru jafnframt margir og misstórir og í mörgum tilfellum standa tveir á sömu lóð eða mjög nálægt hvor öðrum.

Hópurinn átti að útfæra og tímasetja tillögur til næstu fjögurra ára um mögulega sameiningarkosti í lærdómsumhverfi barna. Greina átti faglegan og fjárhagslegan ávinning við hvern sameiningakost sem og að kanna möguleika á breytingum á mörkum skólahverfa með það í huga að jafna betur nemendafjölda tiltekinna grunnskóla. Síðast en ekki síst átti hópurinn að móta vinnureglur og verkferla sem taka til endurskipulagningar á rekstri leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila, ekki síst með tilliti til starfsmannamála.

Í upphafi vinnunnar setti starfshópurinn sér eftirfarandi leiðarljós:

„Hlutverk hópsins er að greina tækifæri í hverfum borgarinnar til að endurskipuleggja rekstur grunnskóla, leikskóla og frístundaheimila með faglegan og fjárhagslegan ávinning í huga. Í starfi sínu mun hópurinn hafa það að leiðarljósi að standa vörð um faglegt starf og að halda í styrkleika hvers leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis.

Hópurinn lítur svo á að allt umhverfi barna og unglinga sé eitt lærdómssamfélag, þar sem skilningur og virðing fyrir velferð barna og þörfum fjölskyldna er ríkjandi. Hópurinn starfar undir merkjum heildstæðs skóladags, samþættingar skóla- og frístundastarfs og samstarfs á milli skólastiga.

Mögulegar sameiningar geta snúið að:

- Sameiningu leikskóla
- Sameiningu grunnskóla
- Sameiningu leik- og grunnskóla
- Sameiningu grunnskóla og frístundaheimila
- Sameiningu leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila

Hópurinn hafði einnig stefnumótun menntaráðs sem samþykkt var í september 2010 að leiðarljósi en þar segir m.a.:

Barnið er í fyrirrúmi í öllu skólastarfi og nám fer fram innan sem utan skólans. Öll þjónusta miðar að innihaldsríkum skóladegi sem er barnvænn og fjölskylduvænn. Á næstu fjórum árum ætla menntaráð að brjóta upp hefðbundin skil á milli skóla og skólastiga og vinna markvisst að því að samþætta skóla- og frístundastarf.

Í skipulagi skóladagsins verður litið til aukinnar samkennslu og hreyfanleika fagkennara og frístundafræðinga milli skóla og betri nýtingar á húsnæði og fjármagni með tilliti til samreksturs og sameiningar stofnanna sem koma að lærdómsumhverfi barna. Áfram skal haldið með tilraunir á ólíkum rekstrarformum, líkt og í Dalskóla.

Von er á stærsta árgangi Íslandssögunnar, börnum fæddum 2009, í leikskóla borgarinnar á þessu ári¹. Eins er árgangurinn sem fæddist 2010 stór svo að áfram verður að leita allra leiða til að mæta þeirri þjónustupörf. Þrátt fyrir að það hafi ekki verið eitt af skilgreindum verkefnum starfshópsins tók rýning hópsins mjög mið af því að nýta húsnæði borgarinnar sem best, ekki síst fyrir börn á leikskólaaldri sem bíða eftir leikskóladvöl. Ljóst er að gríðarlegir hagsmunir felast í því að komast hjá því að byggja nýja leikskóla undir þessa fjölmennu árganga barna þar sem óvíst er að þörfin fyrir svo mörg leikskólaláss sé til framtíðar. Það eru mikil tækifæri fólgin í því að nýta betur húsnæði borgarinnar og líta þannig til nýrra lausna á þessari aðkallandi þjónustupörf. Í viðauka er betur gerð grein fyrir því hvernig húsnæði grunnskóla, breytingar á skipulagi frístundastarfs, sem og stækkun eldri leikskóla með færanlegum stofum kemur til móts við þau börn sem bíða vistunar á leikskóla á þessu ári, umfram þau sem hefja nám í 1. bekk grunnskólans í haust. Miðað er við að hvert nýtt leikskólaláss í byggingu kosti um 3 m.kr. Lauslega áætlað mun betri nýting húsnæðis og greining tækifæra til endurskipulagningar skóla- og frístundastarfs spara stofnkostnað fyrir hátt í 800 m.kr. Á móti kemur um 100 m.kr. kostnaður við húsnæði sem þegar er til staðar og búnaðarkaup.

¹ Sjá viðauka 1.

Störf hópsins

Fundir hópsins

Starfshópurinn fundaði alls 19 sinnum á tímabilinu 22. nóvember 2010 til 28. febrúar 2011 auk þess sem undirhópur um mannauðsmál fundaði þrisvar sinnum. Á fyrstu starfsvikunum var m.a. lögð áhersla á að afla tölfræðilegra gagna svo sem um nemendaspar, stærðir skóla og nýtingu húsnæðis. Þá fundaði verkefnisstjóri einslega með öllum skólastjórum grunnskóla, leikskólastjórum, forstöðumönnum frístundamiðstöðva og deildarstjórum barnastarfs hjá ÍTR og kynnti heildarniðurstöður þeirra viðtala fyrir starfshópnum. Helstu áherslur í umræðum starfshópsins snérust um faglegan og fjárhagslegan ávinning sameininga almennt og hvað bæri að varast í því efni. Þá fjallaði hópurinn um stjórnunarlíkön, skipurit nýrra stofnana og flæði starfsmanna á milli skólastiga í sameinuðum leik- og grunnskólum og lög þar að lútandi. Hópurinn kynnti sér stjórnunarlíkön í nágrannalöndunum og kynnti sér reynslu annarra sveitarfélaga á Íslandi af undirbúningi sameininga skólastofnana. Hópurinn kynnti sér fyrirkomulag vinnudags barna í Dalskóla, en þar er samþætting skóla- og frístundastarfs. Hópurinn fékk meðal annars á sinn fund Kolbrúnu Pálsdóttur aðjúnkt sem rannsakar í doktorsnámi sínu hlutverk og markmið frístundaheimila í Reykjavík m.a. í samanburði við önnur lönd. Hópurinn fékk einnig á sinn fund Hall Pál Jónsson, mannauðsstjóra borgarinnar, til þess að fara yfir réttindi og skyldur starfsmanna í hlutaðeigandi stéttarfélögum.

Samráðsferli

Hópurinn lagði áherslu á að hafa samráð við hagsmunaaðila; foreldra, forsjáraðila og stjórnendur og starfsfólk leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila þegar unnið var að því að greina tækifæri í hverfum borgarinnar til endurskipulagningar á rekstri grunnskóla, leikskóla og frístundaheimila.

Viðtöl við stjórnendur

Verkefnisstjóri hóf ferlið í nóvember 2011 á því að ræða einslega við 124 stjórnendur, þ.e. skólastjóra grunnskóla, leikskólastjóra, deildarstjóra barnastarfs ÍTR og forstöðumenn frístundamiðstöðva. Um var að ræða opin 40 mínútna viðtöl með spurningaramma. Samdar voru 13 spurningar sem notaðar voru sem viðmið í viðtölunum. Lögð var áhersla á trúnað og hlutleysi. Rætt var um skólann hjá hverjum og einum, styrkleika, veikleika, tækifæri til samvinnu og sameininga, kjörstærðir stjórnunareininga, hvað skiptir máli þegar sameinað er, hvernig starfsemi frístundaheimila er best háttað, húsnæðismál, áhrif hugsanlegra breytinga á nemendum og foreldra ásamt sýn viðkomandi á möguleikum á hagræðingu annars staðar í kerfinu. Upplýsingar úr viðtölunum voru flokkaðar og taldar eftir meginlegri aðferðafræði þar sem dregnar voru fram skoðanir stjórnenda á styrkleikum og veikleikum hverrar stofnunar, tækifæri til sameininga, afstaða til sameiningar samskonar og ólíkra stofnana og afstaða til þess hvar yfirstjórn frístundaheimila væri best fyrir komið. Aðrar upplýsingar sem fram komu í viðtölum voru einnig notaðar við hugmyndavinnu, rýningu og mat á tillögum.

Ábendingagátt

Þann 3. desember 2010 opnaði starfshópurinn ábendingagátt á heimasíðu Reykjavíkurborgar og var öllum foreldrum leik- og grunnskólabarna í borginni, sem og starfsmönnum leik- og grunnskóla og frístundaheimila sendur kynningarpóstur ásamt tengli á gáttina með hvatningu um að senda inn ábendingar undir nafni. Ábendingarnar voru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál, lesnar af verkefnisstjóra og efni þeirra kynnt starfshópnum án þess að nafn sendanda kæmi fram. Um 800 ábendingar höfðu borist í gegnum gáttina þegar henni var lokað 11. febrúar 2011.

Hugmyndir og athugasemdir úr ábendingagátt voru flokkaðar gróflega eftir því hvort þær snérust um leikskóla, grunnskóla eða frístundaheimili. Í ljós kom að um 65% þess efnis sem barst í ábendingagáttina voru almennar athugasemdir um sameiningu, vinnu starfshópsins og skólastarf í borginni. Beinir hugmyndir um sameiningu, samstarf eða sparnað voru 35% og snérust 58% þeirra um leikskóla, 40% um grunnskóla og 2% um frístundaheimili.

Meirihluti almennra athugasemda innihélt varnaðarorð eða mótmæli gegn niðurskurði í menntakerfi borgarinnar. Ljóst er að margir höfðu áhyggjur af fyrirhuguðum áformum um sameiningu stofnana í lærdómsumhverfi barna og er umhugað um starfsemi einstakra skóla, leikskóla eða frístundaheimila.

Hugmyndir og ábendingar sem bárust í gegnum gáttina voru notaðar við gerð, rýningu og val lokatillagna starfshópsins.

Hverfafundir og samráðsfundir starfsmanna

Haldnir voru fundir í öllum sex þjónustuhverfum borgarinnar á tímabilinu 13.-24. janúar. Þangað var boðið tveimur fulltrúum úr skólaráðum grunnskóla, þ.e. fulltrúa foreldra og fulltrúa starfsmanna, tveimur fulltrúum fyrir hönd leikskóla, þ.e. einum fulltrúa foreldra úr foreldraráði og einum fulltrúa starfsmanna. Lögð var áhersla á að skólaráðin, foreldrafélögin og starfsmenn tilnefndu fulltrúa á þessa fundi. Þá voru verkefnastjórar frístundaheimila boðaðir á fundinn sem og formenn og varaformenn hverfisráða borgarinnar. Á hvern fund mættu á milli 50 og 80 manns eftir fjölda stofnana í hverfi. Alls komu um 270 manns á fundina. Þá var einnig haldinn sambærilegur fundur með starfsmönnum fagsviðanna þriggja; Menntasviðs, Leikskólasviðs og ÍTR en rúmlega 100 manns sóttu þann fund.

Markmið fundanna var að kynna verkefni starfshópsins og leita eftir hugmyndum um tækifæri til breytinga í hverju hverfi hvað varðar skipulag á rekstri skóla- og frístundastarfs.

Formaður starfshópsins, Oddný Sturludóttir, kynnti á hverfafundum tilurð og hlutverk starfshópsins. Framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar viðkomandi hverfis var einnig með stutt ávarp. Að því loknu var áhersla lögð á að fá fram sjónarmið starfsmanna og foreldra í gegnum hópastarf þar sem starfsfólk Menntasviðs, Leikskólasviðs og ÍTR tók niður punkta og leiddi umræður. Þátttakendur voru hvattir til að halda áfram með umræðurnar í þeim stofnunum sem þeir voru fulltrúar fyrir og senda hugmyndir og tillögur í gegnum ábendingagáttina í framhaldi af fundunum. Fjöldmörg foreldrafélög og starfsmenn urðu við þessari áskorun og sendu inn frekari ábendingar.

Í heild gengu fundirnir vel og málefnalegar umræður sköpuðust á þeim öllum. Fulltrúar í starfshópnum fengu samantekt umræðna hvers fundar afhenta að hverfafundum loknum.

Farið var yfir fundargerðir allra hverfafunda og starfsmannafunda Leikskólasviðs, Menntasviðs og Íþrótt- og tólmundastarfs. Annars vegar voru hópumræður flokkaðar og ábendingar á gulum miðum hins vegar.² Hópumræður voru flokkaðar í almennar ábendingar, ábendingar um frístundastarf, um leikskóla, um grunnskóla og svo tillögur að mögulegum sameiningum stofnana. Af alls 1.398 atriðum voru um 35% almenns eðlis en 15% voru beinar tillögur eða ábendingar um sameiningarmöguleika. Sama hlutfall atriða var um leikskóla (19%) og grunnskóla (19%) en heldur lægra um frístundastarf. Fjölmargar hugmyndir, áhyggjur og vangaveltur hafa borist í gegnum ábendingagáttina á vegum starfshópsins. Foreldrar og skóla- og frístundastarfsfólk í öllum hverfum borgarinnar er mjög umhugað um að rekstrarhagræðing verði ekki á kostnað faglegs starfs og mikill meirihluti þeirra ábendinga sem borist hafa snúast um að afstýra því. Eins hafa komið í gegnum gáttina ályktanir frá foreldrafélögum, skólaráðum og öðrum hagsmunasamtökum, s.s. SAMFOK og Heimili og skóla. Ábendingarnar hafa nýst starfshópnum vel, en munu líka varða veginn þegar kemur að kynningu og innleiðingu breytinga.

Athugasemdir á gulum miðum voru alls 491 og komu um 40% þeirra frá foreldrum og 60% frá starfsfólki.

² Á fundinum gafst þátttakendum kostur á því að skrifa niður nafnlausar athugasemdir og koma til skila til starfshópsins. Þessir ábendingar voru flokkaðar eftir því hvort þær komu frá foreldri eða starfsmanni.

Staðsetning fundar:	Hópumræður					Gulir miðar	
	Almennt	Frístundastarf	Leikskóli	Grunnskóli	Möguleikar	Foreldrar	Starfsfólk
Vesturbær	47	13	32	33	19	44	27
Breiðholt	25	17	28	25	19	17	33
Laugardalur og Háaleiti	73	28	37	61	55	65	47
Miðborg og Hlíðar	66	20	58	19	9	16	27
Árbær og Grafarholt	65	28	41	32	15	32	44
Grafarvogur og Kjalarnes	116	19	16	44	14	29	21
Starfsmannafundir	97	44	54	48	81	-	89
Alls	489	169	266	262	212	203	288
Hlutfall	35%	12%	19%	19%	15%	41%	59%

Rýnihópar

Starfshópurinn fól tölfraði- og rannsóknþjónustu Menntasviðs að skipuleggja rýnihópafundi til að heyra sjónarmið fulltrúa starfsfólks og foreldra í hverju borgarhverfi varðandi þær hugmyndir sem enn voru til skoðunar eftir vinnu starfshópsins, viðtöl við stjórnendur, niðurstöður hverfafunda og ábendingar úr ábendingagátt. Ákveðið var að nota rýnihópa á þessum tímamarki þó að ljóst væri að ekki gætu komið fulltrúar frá öllum stofnunum vegna fjöldatakmarkana sem þessi aðferðafræði hefur. Hópnum þótti mikilvægt að fá þær upplýsingar sem rýnihópaumræður geta gefið en rýnihópar veita oft annars konar innsýn í skoðanir fólks en fást með einstaklingsviðtölum eða spurningakönnunum. Markmið og tilgangur rýnihópa er þó aldrei að alhæfa niðurstöður yfir á stærri hóp heldur fyrst og fremst að fá innsýn og hugmyndir í tengslum við ákveðið viðfangsefni.

Haldnir voru tveir fundir með rýnihópum í hverju þjónustuhverfi borgarinnar, einn með starfsfólki og einn með foreldrum, alls 12 fundir.³ Í umræðum hópanna var reynt að fá fram skoðanir viðmælenda á hugmyndum um sameiningu stofnana í þeirra hverfi. Oft var um að ræða fleiri en eina hugmynd sem snerti ákveðnar stofnanir en fjöldi hugmynda sem rætt var um í hverjum hópi var frá 6 til 14. Allir rýnihópar fylgdu sama umræðuramma þó hugmyndirnar væru ólíkar eftir hverfum. Á fundunum var vinna starfshópsins kynnt í stuttu máli. Síðan var fyrirkomulag fundarins kynnt og farið yfir hvernig unnið yrði úr niðurstöðum hans. Þá var farið yfir hverja hugmynd fyrir sig og kostir og gallar hennar ræddir. Fundirnir voru ekki hljóðritaðir en ritari skrifaði niður helstu atriði umræðna í hópnum.

Starfshópurinn fékk afhent afrit af umræðupunktunum, án nafna fundarmanna, 11. febrúar. Ákveðið var að flokka hvorki né túlka umræðurnar þar sem markmið starfshópsins var að heyra viðbrögð þessara hópa við hugmyndunum. Það var mat hópstjórnenda að umræður um hugmyndirnar hefðu á heildina litið verið málefnalegar þó að töluverður tími hefði einnig farið í almennar umræður um hagræðingu og faglegt starf stofnana.

Samráðsfundur með stjórnendum

Þann 10. febrúar var haldinn fundur með stjórnendum leikskóla og grunnskóla og forstöðumönnum og deildarstjórum barnastarfs frístundmiðstöðva í borginni. Þar var farið yfir þær 54 hugmyndir sem þá voru til umfjöllunar í starfshópnum og var fyrst og fremst leitað eftir sérþekkingu og áliti stjórnendahópsins varðandi sameiningarhugmyndirnar

Stjórnendur greindu styrkleika og veikleika þeirra hugmynda sem voru til umræðu og snéru að stjórnunarlegri sameiningu leikskóla, sameiningu grunnskóla, sameiningu grunnskóla og leikskóla og að sameiginlegri yfirstjórn grunnskóla og frístundaheimila. Einnig greindi stjórnendahópurinn

³ Nánar má lesa um val í rýnihópa í viðauka 2.

styrkleika og veikleika þeirra hugmynda sem lúta að tilfærslu árganga og stækkunar unglingsdeilda í grunnskólum borgarinnar. Starfshópurinn fékk niðurstöður fundarins afhentar þann 11. febrúar.

Upplýsingapóstur

Rafrænar upplýsingapóstur til rúmlega 500 manna hóps voru sendir út sex sinnum á tímabilinu 20. nóvember 2010 til 28. febrúar 2011 þar sem upplýst var um störf hópsins og framvindu verkefnisins. Þessir póstur voru sendir til skólaráða grunnskóla, grunnskólastjóra, foreldraráða í leikskólum, leikskólastjóra, forstöðumanna frístundamiðstöðva, deildarstjóra barnastarfs í frístundamiðstöðvum, verkefnastjóra frístundaheimila, borgarfulltrúa, varaborgarfulltrúa, fulltrúa í menntaráði og íþrótt- og tómstundaráði og áheyrnarfulltrúa, sviðsstjóra, framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðva og formanna hverfisráða til kynningar í hverfisráði ásamt starfsfólki á Menntasviði, Leikskólasviði og ÍTR. Á vefslóðinni <http://rvk.is/skoliogfristund> hefur nú verið opnuð upplýsingasíða um verkefnið sem taka mun við hlutverki upplýsingapóstanna í miðlun upplýsinga um verkefnið til borgarbúa. Þar er m.a. ofangreinda upplýsingapósta að finna. Þá var, eins og áður er getið um, öllum foreldrum leik- og grunnskólabarna ásamt starfsfólki grunnskóla, leikskóla og frístundaheimila sent tölvubréf til upplýsingar um stofnun og verkefni starfshópsins.

Stéttarfélag

Þann 7. febrúar var fulltrúum allra stéttarféлага starfsmanna í leik- og grunnskólum og frístundaheimilum boðið til upplýsingafundar um hlutverk starfshópsins og undirbúning vinnunnar. Þar kom einnig fram að starfsmannastjórar borgarinnar upplýsa stéttarfélögin um framgang mála samkvæmt því sem venjan er varðandi breytingar á störfum. Fundinn sátu mannauðsstjóri Reykjavíkurborgar, Hallur Páll Jónsson, starfsmannastjórar þeirra fagsviða sem störf hópsins ná til og formaður starfshópsins. Fulltrúar voru frá öllum stéttarfélögum starfsmanna nema Eflingar, þar sem fulltrúi félagsins átti ekki áttu heimangengt á þessum tíma, en formaður starfshópsins hitti hann viku síðar. Fulltrúar eftirfarandi stéttarféлага voru upplýstir um störf hópsins:

- Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
- Félags leikskólakennara
- Félags grunnskólakennara
- Skólastjórafélags Íslands
- Félags stjórnenda í leikskólum
- Félags bókasafns- og upplýsingafræðinga
- Þroskaþjálfafélags Íslands
- Eflingar

Úrvinnsla hugmynda og samráðsgagna

Í janúar lagði verkefnisstjóri fyrir starfshópinum 99 hugmyndir að mögulegum sameiningum, þ.e. sameiningum leikskóla, grunnskóla eða leikskóla og grunnskóla sem og tillögu um sameiginlega yfirstjórn frístundaheimila og grunnskóla. Starfshópurinn lagði mat á styrkleika og veikleika hvernar hugmyndar með aðferðafræði SVÓT greiningar⁴ og nýtti í þeirri vinnu þau gögn sem hópurinn aflaði í samráðsferlinu. Auk fastra fulltrúa í starfshópnum komu starfsmannastjórar sviðanna þriggja, auk skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu og leikskólaskrifstofu að þeirri vinnu. Eftir stóðu 54 hugmyndir, sumar hverjar breyttar frá upprunalegri tillögu, sem voru rýndar í rýnihópum í öllum hverfum og af stjórnendum leikskóla- og grunnskóla, forstöðumönnum frístundasmiðstöðva og deildarstjórum

⁴ SVÓT stendur fyrir styrkleika, veikleika, ógnir og tækifæri. Í SVÓT greiningu skoða menn innra og ytra umhverfi þess sem er greint og leggja mat á þessa þætti. Styrkleikar, veikleikar tilheyra innra umhverfi og eru hlutir sem er hægt að breyta á meðan ógnir og tækifæri tilheyra ytra umhverfi og eru hlutir sem ekki verður breytt á auðveldan máta.

barnastarfs ÍTR eins og áður var lýst. Jafnframt var fjárhagslegur ávinningur þeirra reiknaður út af fjármálastjórum sviðanna. Framkvæmdastjórnir sviðanna lögðu að lokum faglegt og fjárhagslegt mat á allar hugmyndirnar. Til hliðsjónar voru öll gögn af samráðsfundum og úr ábendingagátt.

Tillögur

Við lokaákvörðun um tillögur setti starfshópurinn sér viðmið sem höfð voru að leiðarljósi við greiningu og val hugmynda. Til að hugmyndir yrðu að tillögum urðu að vera bæði fagleg og fjárhagsleg rök fyrir þeim. Sett var viðmið um að einn stjórnandi yrði að hámarki ábyrgur fyrir þremur núverandi stofnunum. Gengið var út frá því að leikskólar yrðu að jafnaði ekki minni en 80 barna og ekki stærri en 250 barna. Þetta var þó ekki ófrávíkjanlegt ef að önnur rök vógu þyngra, en tekið skal fram að stærsti leikskólinn samkvæmt tillögum hópsins er um 180 barna. Ekki voru sett stærðarviðmið hvað varðar grunnskóla eða þar sem lagt er til að grunn- og leikskólar sameinist. Þó var gengið út frá því að leikskólar og heildstæðir grunnskólar yrðu ekki sameinaðir í eina stofnun. Við tillögur um flutning einstakra árganga grunnskólabarna var miðað við að nemendur á yngsta stigi yrðu ekki fluttir. Ef til sameiningar í yfirstjórn skóla- og frístundaheimila kæmi yrði markmiðið að nýta það besta úr hugmyndafræði hvors fags fyrir sig til að skapa innihaldsríkari skólalag. Allt húsnæði grunn- og leikskóla og frístundaheimila var rýnt með það fyrir augum að nýta það til að koma til móts við stóra árganga á leikskólaaldri, hvort sem til sameiningar í yfirstjórn komi eða ekki. Hverfi voru skoðuð sem heildir og landfræðileg lega skoðuð í tengslum við faglegan og fjárhagslegan ávinning á hverjum stað. Einnig var stefnt að því að sterk unglíngamenning yrði byggð upp í hverju hverfi og að sameinaðir leikskólar tilheyruðu sama grunnskólahverfi.

Í rökstuðningi fyrir hverja tillögu er fyrst farið yfir fagleg rök fyrir sameiningu og síðar fjallað sérstaklega um fjárhagslegan ávinning.

Skólahverfamörk

Samkvæmt erindisbréfi var það eitt af verkefnum starfshópsins að skoða skólahverfamörk og gera tillögu að hugsanlegum breytingum á þeim. Þær tillögur sem starfshópurinn leggur fram í einstökum hverfum leysa sama vanda og breyting skólahverfamarka. Starfshópurinn gerir því ekki tillögu um færslu skólahverfamarka.

Tímasetning tillagna

Í erindisbréfi starfshópsins var honum ætlað að tímasetja tillögur til fjögurra ára. Gert er ráð fyrir því að sameiningar er lúta að leikskólum taki gildi á þessu ári. Farin var sú leið að leggja eingöngu fram tillögur sem taka til árána 2011 og 2012. Ástæður þessa eru einkum tvíþættar, annars vegar telur hópurinn ekki ljóst hvort þörf verði á frekari breytingum þegar til lengri tíma er litið og hins vegar þykir ekki æskilegt að setja fram tillögur sem gera ráð fyrir uppsögnum starfsfólks langt fram í tímann, þar sem slíkt mun skapa uppnám og óróleika á vinnustöðum.

Tillögur sem tengjast frístund

Frístundaheimili

Frístundaheimili eru rekin við alla skóla sem eru með börn í 1.-4. bekk í Reykjavík. ÍTR rekur frístundaheimilin og hefur gert það frá því að rekstur þeirra var fluttur frá Menntasviði til ÍTR á árunum 2000-2004. Hlutverk frístundaheimilanna er að bjóða upp á fjölbreytt tólmundastarf þegar hefðbundnum skóladegi 6-9 ára barna lýkur. Leiðarljós frístundaheimilanna er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í samskiptum í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Markmið frístundaheimilanna er að börn geti með góðu móti séð um sig sjálf og átt innihaldsríkan frítíma eftir skóla og í skólafríum þangað til að foreldrar þeirra koma heim úr vinnu. Þetta kallar á gott samstarf við foreldra barnanna, skólana, íþrótt- og æskulýðsfélög og aðra sem koma að umönnun, frístundastarfi og fræðslu barnanna yfir daginn. Frístundaheimilin vinna að því í samstarfi við þessa aðila að efla sjálfstraust og félagslega færni barnanna, kenna þeim að fylgjast með tímanum og ferðast á milli staða. Í þessu skyni leitast frístundaheimilin við að nota lýðræðislega

starfshætti og efla hæfni barnanna til að móta sér sjálfstæðar skoðanir og hafa áhrif á umhverfi sitt og aðstæður.

Þjónusta við börn með sérþarfir er skipulögð á hverju frístundaheimili fyrir sig í samvinnu við foreldra, skóla og aðra fagaðila er tengjast börnum.

Tillaga 1: Sameiginleg yfirstjórn grunnskóla og frístundaheimila

Lagt er til að stefnumótun fyrir skóla- og frístundaheimili verði sameiginleg. Lagt er til að stofnaður verði samstarfshópur Íþróttá- og tólmundasviðs, Leikskólasviðs og Menntasviðs sem fjalli um fyrirkomulagið í því skyni að útfæra nánar nýja sýn á samþættingu skóla- og frístundastarfs 6-9 ára barna. Starfshópurinn stilli m.a. upp tillögu að samþættum skóla- og frístundadegi barna í Reykjavík. Stefnt verði að því að haustið 2011 verði skóla- og frístundastarf 6-9 ára barna samþætt í a.m.k. einu þjónustuhverfi og jafnframt því undirbúi samstarfshópurinn innleiðingu í borginni allri haustið 2012. Erindisbréf fyrir starfshópin verði samþykkt í borgarráði og skil hópsins verði 1. apríl 2011.

Rökstuðningur:

- Sameiginleg sýn og samfella í þjónustu við börn og fjölskyldur, þar sem velferð, líðan, árangur og félagsleg færni barna er sameiginlegt verkefni allra þeirra sem að starfi með börnum koma.
- Sameinaðir kraftar tveggja fagstétta, kennara og frístundaráðgjafa, sem hafa hagsmuni barna að leiðarljósi en ólíka nálgun. Betur hægt að koma til móts við þarfir og áhuga hvers og eins barns þar sem ólíkar fagstéttir vinna saman.
- Samfella í þjónustu við börn með sérþarfir og markvissari stuðningur við þau.
- Eftirsóknarverður starfsvettvangur fyrir unga fagstétt frístundaráðgjafa, fleiri heilsdagsstörf sem snúa beint að starfi með börnum, þ.e. hægt verður að bjóða fleirum full störf án kvöldvinnu.
- Tækifæri til uppstokkunar í stundaskrá barna, frístund, hreyfing, nám og val í bland. Skemmtilegri skólادagur, tækifæri til að brjóta upp dag nemenda með frístundastarfi, kemur til móts við börn sem ekki njóta sín til fullnustu í skipulögðu skólastarfi.
- Betri nýting á húsnæði og búnaði þegar stefnumótun er á einum stað.
- Samnýting mannauðs, kennarar komi inn í frístundastarfið og frístundaráðgjafar taki þátt í lýðræðisuppeldi innan skólans.
- Fleiri starfsmenn undir sama hatti, auðveldara að leysa ýmis mál er upp koma með þverfaglegri vinnu og „múrar“ milli starfsstétta gætu horfið.
- Með breyttri verkaskiptingu gefst verkefnastjórum frístundaheimila tækifæri til að sinna faglegu starfi með börnum innan skólادagsins, hvort sem það er aðkoma að þemadögum, útiveru, hreyfingu, lýðræðisuppeldi, bekkjarskemmtunum, umsjón með breyttu fyrirkomulagi frímínútna eða önnur tækifæri sem uppstokkun á stundaskrá yngstu barna hefur í för með sér.
- Betra upplýsingaflæði til foreldra, t.d. með Mentor, eða í foreldraviðtölum. Tækifæri gefast til að upplýsa foreldra um mikilvægi frístundastarfs, námsárangur jafnt sem félagslega færni barnsins.
- Samþættir starfsdagar og samræming á skóla- og frístundadagatali.

Hafa þarf í huga:

- Að stefnumótun frístundastarfsins verði áfram á faglegum grunni og að ekki halli á hugmyndafræði frístundastarfs.
- Að tapa ekki niður þeim árangri sem frístundastarfið hefur náð.
- Að verkefnisstjóri frístundaheimila geti áfram sótt faglegan styrk til sinna starfsfélaga og undirbúið starfið. Nú þegar er samvinna verkefnastjóra til staðar sem stuðlar að því að sérþekking flæði á milli frístundaheimila, börnunum til góða.
- Að leggja áfram áherslu á aukið samstarf við aðra aðila sem bjóða upp á frístundastarf í hverfum með það að markmiði að auka samfellu í vinnudegi barnanna.
- Að skil milli skóla- og frístundastarfs geta orðið óljósari, þannig að barnið sé ekki að takast á við ný verkefni eftir að skóladegi lýkur.
- Að nýta það besta úr stuðningskerfi ÍTR annars vegar og stuðningskerfi skólanna hins vegar.

Fjárhagslegt hagræði:

- Því nánar sem yfirstjórn og stefnumótun tengjast, því betri nýting á fjármunum borgarinnar.
 - Fjármagn sem fer til barna með sérþarfir nýtist betur.
 - Sameiginleg innkaup.
 - Miðlæg verkefni skóla og frístundar verða unnin á sama stað.
 - Betri nýting húsnæðis, minni húsnæðiskostnaður, bæði hvað varðar innri leigu og leigu af þriðja aðila.
- Áætlað er að breytingar á verkefnum starfsfólks og einfaldari stjórnsýsla muni spara í launakostnaði um 28,6 m.kr. á ársgrundvelli og er þá miðað við að innleiðing hafi átt sér stað í borginni allri.
- Þá eru ótalin þau fjárhagslegu tækifæri sem felast í sameiginlegri stefnumótun og úthlutun sem tengist stuðningi við börn með sérþarfir. Nú fer hún fram með mismunandi hætti til barna í grunnskóla og barna í frístundastarfi.

Tillögur sem tengjast grunnskólum

Reykjavíkurborg rak alls 40 grunnskóla haustið 2010, 37 almenna og 3 sérskóla, með um 13.420 nemendum. Í borginni eru auk þess 6 sjálfstætt starfandi grunnskólar með um 470 nemendum sem fá fjárframlög frá borginni. Fjölmennustu skólarnir eru Árbæjarskóli og Rimaskóli með um 660 nemendum, sá fámennasti er Ártúnsskóli með 153 nemendum og nýr skóli í Úlfarsárdal, Dalskóli, hóf störf með 32 nemendum í 1.-5. bekk.

Í 13 skólum eru nemendur færri en 300 en sjö skólar eru með fleiri en 500 nemendur. Að meðaltali eru 20,5 nemendur í bekkjardeildum skólanna. Haustið 2010 voru 1.986 stöðugildi í grunnskólum. Á skrifstofu Menntasviðs voru á sama tíma 31 stöðugildi og 33 stöðugildi í skólahljómsveitum, Skólasafnamiðstöð og Námsflokkum Reykjavíkur.

Í grunnskólastarfi er haft að leiðarljósi að börnum líði vel, að þeim fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Ein meginstoðin í menntastefnu borgarinnar er einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna sem tryggir að komið sé til móts við þarfir, áhuga og námsstíl sérhvers nemanda. Skóli er hluti af lífi og starfi nemenda og jafnframt raunverulegur undirbúningur fyrir framtíðina. Nám við hæfi hvers og eins og markviss samvinna tryggja eins og kostur er að komið sé til móts við þarfir, áhuga og námsstíl nemenda. Þetta er gert með einstaklingsmiðuðu námi, fjölbreyttum námsleiðum, kennsluaðferðum, námsmati og góðu framboði af námsefni. Frumkvæði og þekkingarleit einkenna starfið. Nemendur setja sér markmið í samvinnu við kennara og foreldra og eru ábyrgir fyrir eigin námi í samráði við þá. Hæfileikar hvers og eins fá notið sín í skólastarfinu og námsframboð er fjölbreytt í bóklegum og verklegum greinum, menningu og listum. Skólinn er án aðgreiningar sem þýðir að öll börn eiga rétt á skólagöngu í hverfisskóla auk þess sem foreldrar eiga val um skóla í öðrum hverfum, í sérúrræði eða sérskóla.

Sameiningar grunnskóla

Á liðnum árum hefur margsinnis komið upp umræða um sameiningu grunnskóla og breytingar á skólakerfi borgarinnar. Í því samhengi helgast umræðan af faglegum rökum, hagrænum rökum og tilfinningalegum rökum.

Kannanir hafa sýnt að ekki er marktækur munur á ánægju eða árangri í mismunandi skólagerðum.⁵ Heildaránægja foreldra með grunnskóla barna sinna tekur mest mið af ánægju þeirra með umsjónakennara barnsins og mat þeirra á stjórnun skólans. Í könnunum Menntasviðs á ánægju nemenda kemur fram að í skólum þar sem unglिंगadeildir eru fjölmennari mælist meiri ánægja hjá nemendum. Námsárangur er tengdur margvíslegum og flóknum þáttum í lífi nemandans. Þó má fullyrða að jákvæð viðhorf og jákvætt umtal foreldra um námið og skólastarfið eru mjög sterkur áhrifavaldur í námsferli barna. Fjölbreytt námsframboð, góð kennsla, aukið val og sveigjanleiki og markviss samvinna eru mikilvægir þættir til að námsárangur nemenda verði sem bestur.

Erfitt er að fullyrða að ein skólagerð sé annarri betri. Skólabragur og jákvætt samstarf allra hagsmunaaðila skólastarfs skiptir þar mestu.

Sýnt hefur verið fram á að stærri skólar eru hagkvæmari í rekstri og tækifæri til fjölbreyttara skólastarfs eru fleiri. Þar sem grunnskólinn er hluti af uppeldi og menntun sérhvers einstaklings og fastur punktur í menningu hvers hverfis þá hafa foreldrar og nemendur iðulega mjög sterkar skoðanir á því fyrirkomulagi sem er á skólastarfi í þeirra nágrenni.

⁵ Með skólagerðum er t.d. átt við heildstæðan skóla, skóla á yngri barna stigi og skóla á unglिंगastigi.

Helstu rök sem mæla með fjölmennari skólum eru að þar má gera ráð fyrir fjölbreyttara námsframboði, sterkari faggreinakennslu, meiri sveigjanleika í skipulagi skólastarfs, öflugra félagslífi fyrir nemendur og fleiri sérúrræðum, bæði kennslufræðilegum og félagslegum, ásamt hagkvæmari nýtingu fjármagns.

Við tilfærslu eldri nemenda milli skóla sem hefur það markmið að stækka einingar, svo sem námshópa og valhópa má vænta hagstæðari niðurröðunar í námshópa sem líklegt er að leiði til sveigjanlegra skólastarfs og betri nýtingar fjármagns.

Stjórnunarleg sameining leiðir til minni stjórnunarkostnaðar, sem skapast vegna margvíslegrar samþættingar verkþátta í faglegri og rekstrarlegri stjórnun skólans. Skrifstofustörf og áætlanagerð varðandi stefnumótun og rekstur í skólastarfi verður á hendi einnar yfirstjórnar í sameinuðum skólum. Nefna má sem dæmi gerð starfsáætlunar, skólanámskrár, sjálfsmatsskýrslu og margvíslegra áætlana sem skólar eiga að vinna samkvæmt lögum. Samstarf skólans við grenndarsamfélagið hvað varðar samfélagsleg verkefni svo sem forvarnir, frístundir og almenna samvinnu um velferð nemenda verður hnitmiðaðra og á margan hátt einfaldara.

Í sameinuðum skólum er gerð ein rekstraráætlun og öll umsýsla um reikningshald og fasteignir verður á einni hendi. Með færri og stærri rekstrareiningum í skólastarfi má ætla að miðlægt eftirlit, stuðningur og ráðgjöf í faglegum málefnum, fjármálum sem og mannauðsmálum verði einfaldara og þar með ódýrara.

Tillaga 2: Sameining Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla


Lagt er til að yfirstjórn Hvassaleitisskóla og Álftamýrarskóla verði sameinuð. Tillagan komi til framkvæmda í upphafi skólaárs 2011-2012. Í framhaldi verði nýjum skólastjórnendum falið að vinna að flutningi nemenda á unglíngastigi í Hvassaleitisskóla fyrir skólaárið 2012-2013 og gætu þeir valið um skólavist í Réttarholtsskóla eða Álftamýrarskóla. Við undirbúning breytinganna hafi fræðslustjóri og skólastjórnendur náði samráð við foreldra, nemendur og starfsfólk.

Rökstuðningur:

- Í Hvassaleitisskóla eru um 20 nemendur í árgangi og spá um nemendafjölda til 2015 sýnir óbreytta þróun. Því er óhjákvæmilegt að skoða vel framtíðarskipulag skólastarfs í Hvassaleiti.
- Í Réttarholtsskóla og Álftamýrarskóla er sterk unglíngamenning og skólarnir eru vel í stakk búnir til að taka vel á móti nemendum úr Hvassaleitisskóla.
- Aukin tækifæri í félagsstarfi unglínga.
- Álftamýrarskóli og Hvassaleitisskóli eru frekar fámennir nágrannaskólar í stöðugu umhverfi með sterkt bakland. Í Hvassaleitisskóla er ekki spáð fjölgun nemenda á næstu árum og ekki er talið fýsilegt að sameina hann leikskóla því stöðug fækkun barna er staðreynd í hverfinu.
- Húsnæði Hvassaleitisskóla er miðsvæðis í borginni og liggur vel við helstu umferðaræðum. Góðir möguleikar eru á að í vannýttu húsnæði skólans mætti koma fyrir þjónustustarfsemi fyrir íbúa hverfisins, s.s. útibúi frá Borgarbókasafni, eða annarri menningarstarfsemi fyrir íbúa.

Hafa þarf í huga:

- Hvassaleitisskóli er rótgróinn skóli með langa og farsæla skólasögu og hefur sterka stöðu í huga íbúa.
- Vinna þarf að sameiginlegri stefnumótun þar sem styrkleikar úr hugmyndafræði beggja skóla nýtast í skólastarfi.



Í Álftamýrarskóla eru 330 nemendur í dag og skv. nemendaspá verða þeir 321 haustið 2012.

Í Hvassaleitisskóla eru 206 nemendur í dag, en nemendaspá gerir ráð fyrir að í 1.-7. bekk verði u.þ.b. 150 nemendur, og í 8.-10. bekk tæplega 60 nemendur haustið 2012.

Tillaga 3: Fellaskóli og Hólabrekkuskóli verði yngri barna og eldri barna skólar

Lagt er til að skoðað verði að Fellaskóli og Hólabrekkuskóli verði aldursskiptir, þannig að annar verði yngri barna skóli og hinn unglíngaskóli. Undirbúningur breytinga fari fram skólaárið 2011-2012 og stefnumótandi tillaga komi til ákvörðunar fyrir upphaf skólaárs 2012-2013. Við undirbúning breytinganna hafi fræðslustjóri og skólastjórnendur náð samráð við foreldra, nemendur og starfsfólk.

Rökstuðningur:


- Fellaskóli og Hólabrekkuskóli hafa báðir farið í gegnum heildarmat⁶ Menntasviðs. Niðurstöður úr heildarmati styðja hugmyndir um að skólunum yrði skipt upp í yngri barna skóla og eldri barna skóla.
- Eitt af markmiðum breytinganna er að jafna samfélagsleg viðhorf til skólanna, stuðla að aukinni félagslegri blöndun og fjölbreytileika nemendahópsins.

⁶ Sjá viðauka 3.

- Mikilvægt er að styrkja stöðu unglunga í skólahverfunum og efla þá sem heild í skóla- og frístundastarfi.

Hafa þarf í huga:

- Vinnan krefst mikils og góðs undirbúnings. Sterkir stjórnendur Fellaskóla og Hólabrekkuskóla eru líklegir til að geta stýrt þessari uppbyggingu.
- Mikilvægt er að horfa til samfélagslegrar stöðu hverfanna og huga þarf vel að hverfinu í heild.
- Vinna þarf að sameiginlegri stefnumótun þar sem styrkleikar úr hugmyndafræði beggja skóla nýtast í skólastarfi.



Nemendur í Fellaskóla eru nú 311 og 500 í Hólabrekkuskóla.

Miðað við nemendaspá yrðu 555 nemendur í yngri barna skólanum haustið 2012 og 256 í unglingskólanum, miðað við að skipting eftir aldri væri við 8. bekk.

Tillaga 4: Sameining Korpuskóla og Víkurskóla

Lagt er til að yfirstjórn Korpuskóla og Víkurskóla verði sameinuð haustið 2011 og nemendur í skólahverfi Korpuskóla sækja áfram nám í Víkurskóla í 8.-10. bekk. Við undirbúning breytinganna hafi fræðslustjóri og skólastjórnendur náði samráð við foreldra, nemendur og starfsfólk.


Rökstuðningur:

- Undanfarin ár hafa unglingar úr skólahverfi Korpuskóla sótt nám í Víkurskóla. Aðlögun þeirra hefur tekist vel og góð samvinna er á milli skólanna.
- Sameinaður skóli yrði með um 500 nemendum sem er hagstæð eining hvað varðar faglegan og rekstrarlegan ávinning.
- Báðir skólarnir byggja á svipaðri kennslufræðilegri sýn þar sem teymisvinna kennara og samkennsla árganga er í öndvegi.

- Með því að byggja upp sterka unglिंगadeild í Víkurskóla fyrir nemendur úr báðum skólahverfum má ætla að unglिंगamenning styrkist.

Hafa þarf í huga:

- Vinna þarf að sameiginlegri stefnumótun þar sem styrkleikar úr hugmyndafræði beggja skóla nýtast í skólstarfi.



Í Korpuskóla eru nú 173 nemendur og 331 nemandi í Víkurskóla. Nemendafjöldi í sameinuðum skóla yrði 497 nemendur haustið 2012 skv. nemendaspá.

Tillaga 5: Sameining Borgaskóla og Engjaskóla

Lagt er til að yfirstjórn Borgaskóla og Engjaskóla verði sameinuð haustið 2011. Í framhaldi verði skólastjórnendum falið að vinna að auknu samstarfi eða sameiningu unglिंगadeilda skólanna. Undirbúningur hefjist skólaárið 2011-2012 og stefnumótandi ákvörðun kæmi til framkvæmda við upphaf skólaársins 2012-2013. Við undirbúning breytinganna hafi fræðslustjóri og skólastjórnendur náði samráð við foreldra, nemendur og starfsfólk.


Rökstuðningur:

- Fámennar unglिंगadeildir eru í skólunum í dag og aukinn faglegur ávinningur verður með auknu samstarfi eða sameiningu þeirra.
- Með einni fjölmennari unglिंगadeild verður sérhæfing kennara meiri sem eykur líkur á dýpri fagþekkingu þeirra og sérhæfingu í kennslu, nemendum til hagsbóta.
- Auknir möguleikar á framboði af valgreinum fyrir unglिंगa og fjölbreyttari möguleikar á félagatengslum í stærri hóp.
- Hagstæðari bekkjarstærðir leiða til aukins sparnaðar.
- Hugmyndafræði á yngri barna stigi er svipuð í báðum skólum.

- Faglegir styrkleikar beggja skóla myndu styrkja skólastarf hvors annars. Í Borgaskóla hefur verið unnið mikið að eflingu lestrarnáms og kennslu. Styrkleikar eru í sérkennslunni í Engjaskóla sem gæti nýst báðum skólum.

Hafa þarf í huga:

- Vinna þarf að sameiginlegri stefnumótun þar sem styrkleikar úr hugmyndafræði beggja skóla nýtast í skólastarfi



Í Borgaskóla eru nú 296 nemendur og 297 nemendur í Engjaskóla. Nemendafjöldi í sameinuðum skóla yrði 593 skv. nemendaspá fyrir haustið 2012.

Tillaga 6: Foldaskóli verði heildstæður safnskóli á unglíngastigi fyrir nemendur úr Húsaskóla og Hamraskóla

Lagt er til að Foldaskóli verði heildstæður safnskóli fyrir suðurhluta Grafarvogs sem tæki við unglíngum úr 8.-10. bekk Húsaskóla og Hamraskóla. Undirbúningur hefjist skólaárið 2011-2012 og stefnumarkandi ákvörðun kæmi til framkvæmda skólaárið 2012-2013. Við undirbúning breytinganna hafi fræðslustjóri og skólastjórnendur náði samráð við foreldra, nemendur og starfsfólk.

Samhliða þessum breytingum yrði að skoða rekstur Húsaskóla og Hamraskóla með tilliti til nýtingar á húsnaði og hugsanlegar sameiningar í stjórnun, eða sameininga við leikskóla í nágrenninu.


Rökstuðningur:

- Fámennar unglíngadeildir eru í skólunum í dag.
- Aukið framboð af valgreinum fyrir nemendur á unglíngastigi.
- Með því að byggja upp sterka unglíngadeild í Foldaskóla fyrir nemendur úr þremur grunnskólum má ætla að unglíngamenning styrkist.
- Góð félagsaðstaða er í Foldaskóla fyrir unglínga og með sameiginlegu félags- og forvarnarstarfi fyrir alla nemendur á svæðinu má vænta góðs árangurs.

- Með einni fjölmennari unglíngadeild verður sérhæfing kennara meiri sem eykur líkur á dýpri fagþekkingu þeirra og sérhæfingu í kennslu, nemendum til hagsbóta.

Hafa þarf í huga:

- Vinna þarf sameiginlega í skólunum að sameinaðri unglíngadeild í Foldaskóla þar sem styrkleikar úr hugmyndafræði allra skóla nýtast sem best í skólastarfinu.



Í Foldaskóla eru nú 361 nemandi, en miðað við þessar breytingar yrðu 506 nemendur í skólanum. Í Húsaskóla eru 270 nemendur, en eftir breytingar yrðu þeir 162. Í Hamraskóla eru nú 224 nemendur en eftir breytingar yrðu 152 nemendur í skólanum.

Tillaga 7: Hagaskóli verði safnskóli á unglíngastigi fyrir nemendur 7.- 10. bekkjar, þ. e. nemendur færast úr Melaskóla, Vesturbæjarskóla og Grandaskóla ári fyrr

Lagt er til að 7. bekkir úr Melaskóla, Vesturbæjarskóla og Grandaskóla flytjist í Hagaskóla. Hagaskóli yrði safnskóli fyrir nemendur í 7.-10. bekk í stað 8.-10. bekkja eins og nú er. Undirbúningur hefjist skólaárið 2011-2012 og stefnumarkandi ákvörðun komi til framkvæmda í upphafi skólaársins 2012-2013. Við undirbúning breytinganna hafi fræðslustjóri og skólastjórnendur náð samráð við foreldra, nemendur og starfsfólk.

Rökstuðningur:


- Góð reynsla af skólastarfi 7. bekkjar í Laugalækjarskóla, sem er skóli fyrir 7.-10. bekk, og almenn ánægja foreldra, nemenda og kennara.
- Fjölbreyttari félagatengsl nemenda styrkja einstaklinga og efla sjálfsmynd og félagsfærni.
- Samkvæmt nemendaspá er fyrirsjáanlegt að nemendum fjölgi verulega í Vesturbæ á næstu árum, svo mikið að nauðsynlegt yrði að byggja við Vesturbæjarskóla og Melaskóla. Með breytingum á bekkjarskipan í Vesturbæ, þ.e. að börn fari ári fyrr í Hagaskóla, þyrfti ekki að byggja við Melaskóla og Vesturbæjarskóla. Útilokað er að byggja við Melaskóla og áætlaður

stofnkostnaður viðbyggingar við Vesturbæjarskóla er 600 m.kr. sem hefði þýtt aukin rekstrarkostnað fyrir skólann upp á 53 m.kr. á ársgrundvelli.

- Í Vesturbæ eru lengstu biðlistar borgarinnar eftir leikskólalássi og því mikill ávinningur til næstu ára að nýta húsnæði Grandaskóla fyrir elstu börn leikskóla til að hægt verði að koma yngri börnum að á leikskóla. Í dag er rúmt um grunnskólanemendur í Grandaskóla.

Hafa þarf í huga:

- Vinna þarf sameiginlega í skólunum að sameinuðum 7. bekk í Hagaskóla þar sem styrkleikar úr hugmyndafræði allra skóla nýtast sem best í skólastarfinu.



Í Hagaskóla er 471 nemandi, en yrðu 610 með 7. bekk. Í Vesturbæjarskóla eru nú 330 nemendur, en yrðu 301 eftir breytingu. Í Melaskóla eru 559 nemendur en yrðu 485 án 7. bekkjar. Í Grandaskóla eru 254 nemendur en yrðu 218 eftir breytingu.

Fjárhagslegur ávinningur sem tengist sameiningum og breyttu skipulagi grunnskólastarfs

- Sparnaður vegna breytinga á yfirstjórn á árunum 2011-2014⁷:
 - Miðað við meðalbiðlaun 133 m.kr.
- Sparnaður vegna breytinga við tilfærslu árganga er áætlaður um 83 m.kr. á árunum 2011-2014.
- Sparnaður vegna betri nýtingar á húsnæði:

⁷ Allir sem þiggja laun skv. samningi K.Í og Launanefndar sveitarfélaga og búnir eru að vinna (samfelld) í 15 ár eða lengur hafa 12 mánaða biðlaunarétt. Þeir sem eru búnir að vinna að 15 árum hafa 6 mánaða biðlaunarétt. Í þessum útreikningum er gert ráð fyrir að 3ja mánaða uppsagnarfrestur sé innifalinn í biðlaunaréttinum. Reiknað er með 9 mánaða biðlaunum vegna þess að þeir stjórnendur sem þessar tillögur varða hafa allir meira en 15 ára starfsaldur. Eins og fram kemur í kaflanum hér fyrir ofan þarf að segja upp 4 stjórnendum við sameiningu grunnskóla og verða því að hámarki 4 á biðlaunum í 9 mánuði en að lágmarki 2 (gætu verið 3). Ágreiningur er á milli Reykjavíkurborgar og K.Í hvort að 3ja mánaða uppsagnarétturinn er inni biðlaunaréttinum eða komi til viðbótar. Þeir sem hafa ráðningu frá 1. júní 2008 hafa 3ja mánaða uppsagnarfrest (og engin biðlaun).

- Með breytingum á bekkjarskipan í Vesturbæ, þ.e. að börn fari ári fyrr í Hagaskóla, þarf ekki að byggja við Melaskóla og Vesturbæjarskóla. Mikil nemendafjölgun verður í þessum tveimur skólum á næstu árum.⁸ Útilokað er að byggja við Melaskóla og áætlaður stofnkostnaður viðbyggingar við Vesturbæjarskóla er 485 m.kr. sem hefði þýtt aukinn rekstrarkostnað fyrir skólann upp á 42,7 m.kr. á ársgrundvelli.
- Með breytingum í Grafarvogi verður ekki lengur þörf á nýjum viðbyggingum við Korpuskóla og Rimaskóla. Áætlaður stofnkostnaður við þessar viðbyggingar er 835 m.kr. ásamt rekstrarkostnaði upp á 73,5 m.kr. á ársgrundvelli.
- Með breytingu á aldursskiptingu í Fella- og Hólabrekkuskóla skapast tækifæri til hagræðingar í frístundastarfi sem nemur 5 m.kr. á ári. Þessi breyting yrði haustið 2012 og því er hagræðing árið 2012 1,9 m.kr. en árin þar á eftir 5 m.kr. á ári.
- Sameining Borgaskóla og Engjaskóla skapar tækifæri til hagræðingar í frístundastarfi sem nemur 6 m.kr. á ári með sameiningu félagsmiðstöðva. Þessi breyting yrði haustið 2012 og því er hagræðing árið 2012 kr. 2,3 m.kr. en árin þar á eftir 6 m.kr. á ári.
- Með því að gera Foldaskóla að safnskóla er hægt að sameina félagsmiðstöðvar fyrir unglinga í Foldaskóla, Húsaskóla og Hamraskóla og ná fram sparnaði sem nemur 12 m.kr. á ári. Þessi breyting yrði haustið 2012 og því er hagræðing árið 2012 kr. 4,5 m.kr. en árin þar á eftir 12 m.kr. á ári.
- Með flutningi frístundastarfs Breiðagerðisskóla inn í húsnæði skólans verður unnt að fjölga leikskólalássum í hverfinu um 50-80. Núverandi húsnæði frístundastarfsins er kjörið fyrir starfsemi leikskóla. Hvert leikskólaláss kostar borgarsjóð um 3 m.kr. í byggingu. Ef frístundaheimilið rúmast innan skólahúsnæðisins þá sparast 2011 3,3 m.kr. og árin þar á eftir kr. 8,3 m.kr. á ári.
- Með flutningi frístundastarfs Grandaskóla inn í húsnæði skólans verður unnt að losa um húsnæði sem hægt er að nýta fyrir leikskólaláss og jafnvel þjónustu dagforeldra sem mikill skortur er á í vesturbænum. Ef frístundaheimilið rúmast innan skólahúsnæðisins þá sparast á árinu 2011 260.000 kr. og árin þar á eftir 700.000 kr. á ári vegna skila á gæsluvallarhúsi. Menntasvið gæti skilað einni færanlegri skólastofu, 1,8 m.kr. á ári.
- Ef frístundaheimilið við Hamraskóla rúmast innan skólahúsnæðisins þá sparast 2011 kr. 240.000 og árin þar á eftir kr. 637.000 á ári vegna skila á gæsluvallarhúsi. Menntasvið gæti skilað einni færanlegri skólastofu, kr. 1,8 m.kr. á ári.
- Ef frístundaheimilið við Húsaskóla rúmast innan skólahúsnæðisins þá gæti Menntasvið skilað tveimur færanlegum skólastofum, kr. 3,6 m.kr. á ári.
Ef frístundaheimilið við Austurbæjarskóla rúmast innan skólahúsnæðisins þá sparast 2011 kr. 300.000 og árin þar á eftir kr. 790.000 á ári vegna skila á gæsluvallarhúsi (sem dagforeldrar gætu nýtt sér).

⁸ Sjá graf á bls. 26

Tillögur sem tengjast leikskólum

Reykjavíkurborg starfrækir 75 leikskóla á 78 starfsstöðvum auk eins samrekens leik- og grunnskóla með samtals 5.785 leikskólarýmum og auk þess veitir hún rekstrarstyrki til 19 sjálfstætt rekinna leikskóla þar sem eru 996 leikskólarými.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í íslensku skólakerfi og annast uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri, [sbr. lög um leikskóla frá 1. júlí 2008](#). Í leikskólum borgarinnar er haft að leiðarljósi að börnin njóti bernsku sinnar, læri og þroskist í leik og samveru. Flestir leikskólar hafa markað sér sérstöðu með áherslu á ákveðna stefnu eða þætti í starfinu, s.s. samskipti, lestur og ritmál, stærðfræði, heimspeki, náttúru og umhverfisvernd.

Leikskólar borgarinnar hafa nokkra sérstöðu hvað varðar barnafjölda í hverjum leikskóla ef borið er saman við fjölda barna í leikskólum í nágrennasveitarfélögum. Í borgarreknu leikskólunum eru að meðaltali um 76 börn en í stærstu sveitarfélögum á landinu er meðalbarnafjöldinn á bilinu 90 upp í tæplega 200 börn.

Í leikskólum Reykjavíkurborgar er leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sem er staðgengill leikskólastjóra. Deildarstjóri er yfir hverri deild sem ber ábyrgð á stjórnun og skipulagningu á deildinni. Hver leikskóli fær einnig úthlutað fjármagni, sem ræðst af fjölda barna í leikskólanum, fyrir stöðugildi sérkennslustjóra.

Sameiningar leikskóla

Ávinningur af sameiningu leikskóla getur meðal annars verið hagræðing í rekstri, aukin skilvirkni í stjórnun og samræmd stefnumótun. Með því að sameina yfirstjórnir skóla verða til færri og stærri rekstrareiningar og tækifæri gefst til að einfalda stjórnsýslu og auka hagkvæmni. Leikskólar borgarinnar eru mjög misjafnir að stærð og gerð. Sá minnsti er með 24 börn og sá stærsti með 135 börn, en 34 leikskólar eru með færri en 66 börn í vistun.

Skólanámskrá þarf að vinna fyrir hvern og einn leikskóla og árlega þarf að framkvæma innra mat á leikskólastarfinu og gera starfsáætlun. Í sameinuðum leikskólum þarf aðeins að gera eina skólanámskrá en ekki tvær (eða fleiri) og skila inn einni starfsáætlun árlega. Færri vinnustundum mun því verða varið í áætlanagerð, gerð skólanámskrár og funda vegna innra mats. Eftir sameiningu er þessi vinna unnin með stærri starfshópi þar sem fleiri sjónarmið geta komið fram.

Stjórnsýsla einfaldast með sameiningu leikskóla. Stjórnendahópurinn í heild verður fámennari og þar með fer minni tími í fundarhöld og akstur. Mánaðaruppgjör verða færri og auðveldara verður að hafa yfirsýn, jafnt fyrir starfsfólk Leikskólasviðs og fjármálaskrifstofu. Með færri rekstrareiningum fækkar einnig innkaupaferðum og önnur umsýsla minnkar. Gera má ráð fyrir að með sameiningu rekstraeininga sé hægt að ná fram sparnaði í innkaupum og hagræðingu í miðlægrri stjórnsýslu. Í dag eru að meðaltali 76 börn í hverri rekstrareiningu en samkvæmt meðfylgjandi tillögum verða að meðaltali 98 börn í hverri rekstrareiningu sem eru þó færri börn á stjórnanda en í mörgum nágrennasveitarfélögum.

Rökstuðningur:

- Með því að sameina yfirstjórnir leikskóla verða til færri og stærri rekstrareiningar og tækifæri gefst til að einfalda stjórnsýslu og auka hagkvæmni.
- Hægt verður að samnýta starfsfólk milli starfsstöðva, t.d. vegna forfalla og sérverkefna.

- Aukið svigrúm myndast til þess að ráða inn sérhæft starfsfólk; í sérkennslu, listgreinakennslu, heimspeki og margt fleira.
- Sameining starfsmannahópa sem starfa á ólíkan hátt getur leitt til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Í stærri starfsmannahópum verður oft til fjölbreyttari þekking og reynsla.
- Við sameiningu má ná fram betri nýtingu fjármagns varðandi sérkennslu og börn af erlendum uppruna.
- Samræmd stefnumótun, ein skólanámskrá og starfsáætlun, færri vinnustundir fara í áætlanagerð.
- Sameining leikskóla og sameining leik- og grunnskóla ásamt aukinn samvinnu milli þessara skólastiga leiðir m.a. til þess að auðveldara verður að samræma skipulagsdaga.
- Stækkun eldhúsa – matur eldaður á færri stöðum.

Hafa þarf í huga:

- Sameining leikskóla kallar á óróleika og óöryggi meðal starfsfólks og stjórnenda.
- Viðbúíð er að nokkur hreyfing verði á starfsfólki og hætt við því að einhverjir starfmenn ákveði að hætta störfum hjá Reykjavíkurborg í kjölfar breytinganna.
- Á meðan breytingar ganga yfir getur hægst á nýbreytni og þróun í starfi.
- Stjórnendur sem fara í önnur störf í leikskólum munu óhjákvæmilega lækka í launum.
- Hugsa þarf sérstaklega að þeim stjórnendum sem eru að nálgast rétt til töku eftirlauna og þiggja ekki áframhaldandi starf sem stjórnendur.

Við sameiningu leikskóla skapast tækifæri til að efla stöðu aðstoðarleikskólustjóra. Stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólustjóra eykst til muna, er í dag frá einni klukkustund á viku til 16 klukkustunda á viku. Í 80 barna leikskóla er stjórnunarhlutfallið 8 stundir á viku. Með stækkun eininga skapast aukið svigrúm fyrir aðstoðarleikskólustjóra að koma að daglegri stjórnun. Mikilvægt er að nýir stjórnendur fái skýrt umboð til að endurskipuleggja verkefni og verkaskiptingu starfsmanna í sameinuðum leikskólum.

Tillaga 8: Sameining Dvergasteins og Drafnarborgar

Lagt er til að leikskólarnir Dvergasteinn (65 börn) og Drafnarborg (35 börn) verði sameinaðir. Barnafjöldi eftir sameiningu yrði 100 börn. Tillagan komi til framkvæmda á árinu 2011. Við undirbúning breytinganna hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og leikskólustjórnendur náði samráð við foreldra og starfsfólk.

Rökstuðningur:

- Sameining starfsmannahópa sem starfa á ólíkan hátt getur leitt til enn frekari þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi og til verður fjölbreyttari þekking og reynsla í þágu barnanna.
- Við sameiningu má ná fram betri nýtingu fjármagns varðandi sérkennslu og aðra sérfræðiþekkingu.
- Samnýting mótuneyta er raunhæfur kostur.

- Með því að sameina yfirstjórn leikskólanna verður til stærri rekstrareining og tækifæri gefst til að einfalda stjórnsýslu, auka skilvirkni í stjórnun og stefnumótun og auðvelda yfirsýn.
- Með sameiningu má ná fram hagræðingu í rekstri og sparnaði í innkaupum.
- Fjarlægð milli leikskólanna er um 150 metrar.

Hafa þarf í huga:

- Mismunandi menning og áhersluþættir eru í hvorum leikskóla sem taka verður tillit til og vinna sérstaklega með í samstarfi við foreldra og starfsfólk.

Tillaga 9: Sameining Barónsborgar, Lindarborgar og Njálshöfnar

Lagt er til að leikskólarnir Barónsborg (35 börn), Lindarborg (60 börn) og Njálshöfn (50 börn) verði sameinaðir. Barnafjöldi eftir sameiningu yrði 145 börn. Tillagan komi til framkvæmda á árinu 2011. Við undirbúning breytinganna hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og leikskólastjórnendur náð samráð við foreldra og starfsfólk.

Rökstuðningur:

- Leikskólarnir þrír hafa unnið saman að fjölmennningarlegum verkefnum undanfarin ár.
- Sameining starfsmannahópa sem starfa á ólíkan hátt getur leitt til enn frekari þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi og til verður fjölbreyttari þekking og reynsla í þágu barnanna.
- Við sameiningu má ná fram betri nýtingu varðandi sérkennslu og aðra sérhæfða þekkingu starfsfólks, t.a.m. í málefnum barna af erlendum uppruna.
- Enginn þessara leikskóla hefur góða mótuneytisaðstöðu og því er vænlegt að skoða aðrar leiðir til að leysa mótuneytismálin svo hagkvæmt sé fyrir alla skólana.
- Með sameiningu einfaldast stjórnsýsla, skilvirkni eykst í stjórnun og stefnumótun og yfirsýn verður betri.
- Með sameiningu má ná fram hagræðingu í rekstri og sparnaði í innkaupum.

Hafa þarf í huga:

- Leikskólarnir eru með hátt hlutfall barna af erlendum uppruna og þurfa rýmri mönnun en almennt er reiknað með í leikskólum.
- Taka þarf tillit til mismunandi menningar í hverju húsi og ólíkra starfshátta og vinna sérstaklega með það í samstarfi við foreldra og starfsfólk.

Tillaga 10: Sameining Hamraborgar og Sólbakka

Lagt er til að leikskólarnir Hamraborg (85 börn) og Sólbakki (52 börn) verði sameinaðir. Barnafjöldi eftir sameiningu yrði 137 börn. Tillagan komi til framkvæmda á árinu 2011. Við undirbúning breytinganna hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og leikskólastjórnendur náði samráð við foreldra og starfsfólk.

Rökstuðningur:

- Sameining starfsmannahópa sem starfa á ólíkan hátt getur leitt til enn frekari þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi og til verður fjölbreyttari þekking og reynsla í þágu barnanna.
- Við sameiningu má ná fram betri nýtingu fjármagns varðandi sérkennslu og aðra sérfræðiþekkingu, t.a.m. í málefnum barna með fatlanir.
- Með því að sameina yfirstjórn leikskólanna verður til stærri rekstrareining og tækifæri gefst til að einfalda stjórnslu, auka skilvirkni í stjórnun og stefnumótun og auðvelda yfirsýn.
- Með sameiningu má ná fram hagræðingu í rekstri og sparnaði í innkaupum.
- Samnýting mótuneyta er raunhæfur kostur.
- Fjarlægð milli leikskólanna eru rúmir 200 metrar.

Hafa þarf í huga:

- Mismunandi menning og áhersluþættir eru í hvorum leikskóla sem taka verður tillit til og vinna sérstaklega með í samstarfi við foreldra og starfsfólk.

Tillaga 11: Sameining Sóhlíðar og Hlíðaborgar

Lagt er til að leikskólarnir Sóhlíð (90 börn) og Hlíðaborg (53 börn) verði sameinaðir. Barnafjöldi eftir sameiningu yrði 143 börn. Tillagan komi til framkvæmda á árinu 2011. Við undirbúning breytinganna hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og leikskólastjórnendur náði samráð við foreldra og starfsfólk.

Rökstuðningur:

- Með því að sameina yfirstjórn leikskólanna verður til stærri rekstrareining og tækifæri gefst til að einfalda stjórnslu, auka skilvirkni í stjórnun og stefnumótun og auðvelda yfirsýn.
- Með sameiningu má ná fram hagræðingu í rekstri og sparnaði í innkaupum.
- Sameining starfsmannahópa sem starfa á ólíkan hátt getur leitt til enn frekari þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi og til verður fjölbreyttari þekking og reynsla í þágu barnanna.
- Við sameiningu má ná fram betri nýtingu fjármagns varðandi sérkennslu og aðra sérfræðiþekkingu.
- Samnýting mótuneyta er raunhæfur kostur.
- Fjarlægð milli leikskólanna er um 100 metrar.

Hafa þarf í huga:

- Mismunandi menning og áhersluþættir eru í hvorum leikskóla sem taka verður tillit til og vinna sérstaklega með í samstarfi við foreldra og starfsfólk.

Tillaga 12: Sameining Holtaborgar og Sunnuborgar

Lagt er til að leikskólarnir Holtaborg (66 börn) og Sunnuborg (90 börn) verði sameinaðir. Barnafjöldi eftir sameiningu yrði 156, auk aukahúss með rými fyrir 16 börn. Tillagan komi til framkvæmda á árinu 2011. Við undirbúning breytinganna hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og leikskólastjórnendur náði samráð við foreldra og starfsfólk.

Rökstuðningur:

- Með því að sameina yfirstjórn leikskólanna verður til stærri rekstrareining og tækifæri gefst til að einfalda stjórnslu, auka skilvirkni í stjórnun og stefnumótun og auðvelda yfirsýn.
- Með sameiningu má ná fram hagræðingu í rekstri og sparnaði í innkaupum.
- Sameining starfsmannahópa sem starfa á ólíkan hátt getur leitt til enn frekari þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi og til verður fjölbreyttari þekking og reynsla í þágu barnanna.
- Við sameiningu má ná fram betri nýtingu fjármagns varðandi sérkennslu og aðra sérfræðiþekkingu.
- Leikskólarnir eru hlið við hlið.

Hafa þarf í huga:

- Mismunandi menning og áhersluþættir eru í hvorum leikskóla sem taka verður tillit til og vinna sérstaklega með í samstarfi við foreldra og starfsfólk.

Tillaga 13: Sameining Ásborgar og Hlíðarenda

Lagt er til að leikskólarnir Ásborg (119 börn) og Hlíðarenda (24 börn) verði sameinaðir. Barnafjöldi eftir sameiningu yrði 145. Tillagan komi til framkvæmda á árinu 2011. Við undirbúning breytinganna hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og leikskólastjórnendur náði samráð við foreldra og starfsfólk.

Rökstuðningur:

- Samnýting starfsmannaaðstöðu er raunhæfur kostur.
- Með því að sameina yfirstjórn leikskólanna verður til stærri rekstrareining og tækifæri gefst til að einfalda stjórnslu, auka skilvirkni í stjórnun og stefnumótun og auðvelda yfirsýn.
- Með sameiningu má ná fram hagræðingu í rekstri og sparnaði í innkaupum.
- Sameining starfsmannahópa sem starfa á ólíkan hátt getur leitt til enn frekari þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi og til verður fjölbreyttari þekking og reynsla í þágu barnanna.
- Við sameiningu má ná fram betri nýtingu fjármagns varðandi sérkennslu og aðra sérfræðiþekkingu.
- Húsin eru á sömu lóð, garðarnir voru gerðir upp og sameinaðir á síðasta ári.
- Sameiginlegt mötuneyti er rekið fyrir bæði húsin.

Hafa þarf í huga:

- Mismunandi menning og áhersluþættir eru í hvorum leikskóla sem taka verður tillit til og vinna sérstaklega með í samstarfi við foreldra og starfsfólk.

Tillaga 14: Sameining Laugaborgar og Lækjaborgar

Lagt er til að leikskólarnir Laugaborg (93 börn) og Lækjaborg (63 börn) verði sameinaðir. Barnafjöldi eftir sameiningu yrði 159, auk aukahúss með rými fyrir 16 börn. Tillagan komi til framkvæmda á árinu 2011. Við undirbúning breytinganna hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og leikskólastjórnendur náði samráð við foreldra og starfsfólk.

Rökstuðningur:

- Með því að sameina yfirstjórn skólanna verður til stærri rekstrareining og tækifæri gefst til að einfalda stjórnýslu, auka skilvirkni í stjórnun og stefnumótun og auðvelda yfirsýn.
- Með sameiningu má ná fram hagræðingu í rekstri og sparnaði í innkaupum.
- Sameining starfsmannahópa sem starfa á ólíkan hátt getur leitt til enn frekari þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi og til verður fjölbreyttari þekking og reynsla í þágu barnanna.
- Við sameiningu má ná fram betri nýtingu fjármagns varðandi sérkennslu og aðra sérfræðiþekkingu.
- Lóðir leikskólanna eru samliggjandi.
- Samnýting mótuneyta er raunhæfur kostur.

Hafa þarf í huga:

- Mismunandi menning og áhersluþættir eru í hvorum leikskóla sem taka verður tillit til og vinna sérstaklega með í samstarfi við foreldra og starfsfólk.

Tillaga 15: Sameining Furuborgar og Skógarborgar

Lagt er til að leikskólarnir Furuborg (66 börn) og Skógarborg (51 börn) verði sameinaðir. Barnafjöldi eftir sameiningu yrði 117 börn. Tillagan komi til framkvæmda á árinu 2011. Við undirbúning breytinganna hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og leikskólastjórnendur náði samráð við foreldra og starfsfólk.

Rökstuðningur:

- Með því að sameina yfirstjórn leikskólanna verður til stærri rekstrareining og tækifæri gefst til að einfalda stjórnýslu, auka skilvirkni í stjórnun og stefnumótun og auðvelda yfirsýn.
- Með sameiningu má ná fram hagræðingu í rekstri og sparnaði í innkaupum.
- Sameining starfsmannahópa sem starfa á ólíkan hátt getur leitt til enn frekari þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi og til verður fjölbreyttari þekking og reynsla í þágu barnanna.
- Við sameiningu má ná fram betri nýtingu fjármagns varðandi sérkennslu og aðra sérfræðiþekkingu.
- Um 600 metrar eru á milli leikskólanna.
- Samnýting mótuneyta er raunhæfur kostur.

Hafa þarf í huga:

- Mismunandi menning og áhersluþættir eru í hvorum leikskóla sem taka verður tillit til og vinna sérstaklega með í samstarfi við foreldra og starfsfólk.

Tillaga 16: Sameining Arnarborgar og Fálkaborgar

Lagt er til að leikskólarnir Arnarborg (66 börn) og Fálkaborg (60 börn) verði sameinaðir. Barnafjöldi eftir sameiningu yrði 126 börn. Tillagan komi til framkvæmda á árinu 2011. Við undirbúning breytinganna hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og leikskólastjórnendur náði samráð við foreldra og starfsfólk.

Rökstuðningur:

- Með því að sameina yfirstjórn leikskólanna verður til stærri rekstrareining og tækifæri gefst til að einfalda stjórnslu, auka skilvirkni í stjórnun og stefnumótun og auðvelda yfirsýn.
- Með sameiningu má ná fram hagræðingu í rekstri og sparnaði í innkaupum.
- Sameining starfsmannahópa sem starfa á ólíkan hátt getur leitt til enn frekari þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi og til verður fjölbreyttari þekking og reynsla í þágu barnanna.
- Við sameiningu má ná fram betri nýtingu varðandi sérkennslu og aðra sérfræðiþekkingu.
- Um 500 metrar eru á milli leikskólanna.

Hafa þarf í huga:

- Mismunandi menning og áhersluþættir eru í hvorum leikskóla sem taka verður tillit til og vinna sérstaklega með í samstarfi við foreldra og starfsfólk.

Tillaga 17: Sameining Hálsaborgar og Hálsakots

Lagt er til að leikskólarnir Hálsaborg (60 börn) og Hálsakot (73 börn) verði sameinaðir. Barnafjöldi eftir sameiningu yrði 133 börn. Tillagan komi til framkvæmda á árinu 2011. Við undirbúning breytinganna hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og leikskólastjórnendur náði samráð við foreldra og starfsfólk.

Rökstuðningur:

- Með því að sameina yfirstjórn leikskólanna verður til stærri rekstrareining og tækifæri gefst til að einfalda stjórnslu, auka skilvirkni í stjórnun og stefnumótun og auðvelda yfirsýn.
- Með sameiningu má ná fram hagræðingu í rekstri og sparnaði í innkaupum.
- Sameining starfsmannahópa sem starfa á ólíkan hátt getur leitt til enn frekari þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi og til verður fjölbreyttari þekking og reynsla í þágu barnanna.
- Við sameiningu má ná fram betri nýtingu fjármagns varðandi sérkennslu og aðra sérfræðiþekkingu.
- Leikskólarnir eru hlið við hlið með sameiginlegu bílastæði.
- Samnýting mótuneyta er raunhæfur kostur.

Hafa þarf í huga:

- Mismunandi menning og áhersluþættir eru í hvorum leikskóla sem taka verður tillit til og vinna sérstaklega með í samstarfi við foreldra og starfsfólk.

Tillaga 18: Sameining Seljaborgar og Seljakots

Lagt er til að leikskólarnir Seljaborg (58 börn) og Seljakot (58 börn) verði sameinaðir. Barnafjöldi eftir sameiningu yrði 116 börn. Tillagan komi til framkvæmda á árinu 2011. Við undirbúning breytinganna hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og leikskólastjórnendur náð samráð við foreldra og starfsfólk.

Rökstuðningur:

- Með því að sameina yfirstjórn leikskólanna verður til stærri rekstrareining og tækifæri gefst til að einfalda stjórnslu, auka skilvirkni í stjórnun og stefnumótun og auðvelda yfirsýn.
- Með sameiningu má ná fram hagræðingu í rekstri og sparnaði í innkaupum.
- Sameining starfsmannahópa sem starfa á ólíkan hátt getur leitt til enn frekari þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi og til verður fjölbreyttari þekking og reynsla í þágu barnanna.
- Við sameiningu má ná fram betri nýtingu fjármagns varðandi sérkennslu og aðra sérfræðiþekkingu.
- Um 200 metrar eru á milli leikskólanna.
- Samnýting mótuneyta er raunhæfur kostur.

Hafa þarf í huga:

- Mismunandi menning og áhersluþættir eru í hvorum leikskóla sem taka verður tillit til og vinna sérstaklega með í samstarfi við foreldra.
- Taka þarf til skoðunar með leikskólastjórum hvernig best sé að sameina leikskóla þar sem hugmyndafræði er mjög ólík.

Tillaga 19: Sameining Aspar og Hraunborgar

Lagt er til að leikskólarnir Ösp (54 börn) og Hraunborg (64 börn) verði sameinaðir. Barnafjöldi eftir sameiningu yrði 118 börn. Tillagan komi til framkvæmda á árinu 2011. Við undirbúning breytinganna hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og leikskólastjórnendur náð samráð við foreldra og starfsfólk.

Rökstuðningur:

- Með því að sameina yfirstjórn leikskólanna verður til stærri rekstrareining og tækifæri gefst til að einfalda stjórnslu, auka skilvirkni í stjórnun og stefnumótun og auðvelda yfirsýn.
- Með sameiningu má ná fram hagræðingu í rekstri og sparnaði í innkaupum.
- Sameining starfsmannahópa sem starfa á ólíkan hátt getur leitt til enn frekari þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi og til verður fjölbreyttari þekking og reynsla í þágu barnanna.
- Við sameiningu má ná fram betri nýtingu fjármagns varðandi sérkennslu og aðra sérfræðiþekkingu.
- Um 300 metrar eru á milli leikskólanna.
- Samnýting mótuneyta er raunhæfur kostur.

Hafa þarf í huga:

- Mismunandi menning og áhersluþættir eru í hvorum leikskóla sem taka verður tillit til og vinna sérstaklega með í samstarfi við foreldra og starfsfólk.

Tillaga 20: Sameining Suðurborgar og Hólaborgar

Lagt er til að leikskólarnir Suðurborg (117 börn) og Hólaborg (68 börn) verði sameinaðir. Barnafjöldi eftir sameiningu yrði 185. Tillagan komi til framkvæmda á árinu 2011. Við undirbúning breytinganna hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og leikskólastjórnendur náði samráð við foreldra og starfsfólk.

Rökstuðningur:

- Með því að sameina yfirstjórn leikskólanna verður til stærri rekstrareining og tækifæri gefst til að einfalda stjórnslu, auka skilvirkni í stjórnun og stefnumótun og auðvelda yfirsýn.
- Með sameiningu má ná fram hagræðingu í rekstri og sparnaði í innkaupum.
- Sameining starfsmannahópa sem starfa á ólíkan hátt getur leitt til enn frekari þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi og til verður fjölbreyttari þekking og reynsla í þágu barnanna.
- Við sameiningu má ná fram betri nýtingu fjármagns varðandi sérkennslu og aðra sérfræðiþekkingu.
- Samnýting mótuneyta er raunhæfur kostur.
- Lóðir leikskólanna eru samliggjandi.

Hafa þarf í huga:

- Mismunandi menning og áhersluþættir eru í hvorum leikskóla sem taka verður tillit til og vinna sérstaklega með í samstarfi við foreldra og starfsfólk.

Tillaga 21: Sameining Foldaborgar, Foldakots og Funaborgar

Lagt er til að leikskólarnir Foldaborg (64 börn), Foldakot (46 börn) og Funaborg (52 börn) verði sameinaðir. Barnafjöldi eftir sameiningu yrði 162 börn. Tillagan komi til framkvæmda á árinu 2011. Við undirbúning breytinganna hafi sviðsstjóri Leikskólasviðs og leikskólastjórnendur náði samráð við foreldra og starfsfólk.

Rökstuðningur:

- Með því að sameina yfirstjórn leikskólanna verður til stærri rekstrareining og tækifæri gefst til að einfalda stjórnslu, auka skilvirkni í stjórnun og stefnumótun og auðvelda yfirsýn.
- Með sameiningu má ná fram hagræðingu í rekstri og sparnaði í innkaupum.
- Sameining starfsmannahópa sem starfa á ólíkan hátt getur leitt til enn frekari þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi og til verður fjölbreyttari þekking og reynsla í þágu barnanna.
- Við sameiningu má ná fram betri nýtingu fjármagns varðandi sérkennslu og aðra sérfræðiþekkingu.
- Samnýting mótuneyta er raunhæfur kostur.
- Um 400-700 metrar eru á milli leikskólanna.

Hafa þarf í huga:

- Mismunandi menning og áhersluþættir eru í hverjum leikskóla sem taka verður tillit til og vinna sérstaklega með í samstarfi við foreldra og starfsfólk.

Fjárhagslegt hagræði af tillögum um leikskóla

- Hagræði vegna breytinga á yfirstjórn nemur 105,3 m.kr. á ársgrundvelli eða samtals 334,2 m.kr. fram til ársins 2014.
- Þá er ótalin sú hagræðing sem óhjákvæmilega hlýst af færri og sterkari rekstrareiningum, með minni umsýslu, minni yfirbyggingu á miðlægum sviðum, hagkvæmari innkaupum og fleiri þáttum.

Tillögur sem tengjast sameiningu leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila

Við samþykkt laga um leik- og grunnskóla árið 2008 var sveitarfélögum veitt heimild til að samreka leik- og grunnskóla. Einnig tóku gildi lög um menntun kennara sem auka á sveigjanleika milli skólastiga. Lengi hefur það verið markmið fræðsluyfirvalda í Reykjavík að tryggja samfellu milli skólastiga og auka samstarf milli leik- og grunnskóla. Margir skólar hafa starfað samkvæmt hugmyndafræði um samfellu milli skólastiga og stórt skref var stigið haustið 2010 þegar Dalskóli hóf göngu sína í Úlfarsárdal. Þar er leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarf samrekið undir einni yfirstjórn.

Eitt af áhersluatriðum í samþykktri verkefnaáætlun menntaráðs frá því október 2010 kveður á um frekari þróun í þessa átt. Þar segir um innihaldsríkan skóladag:

Barnið er í fyrirrúmi í öllu skólastarfi og nám fer fram innan sem utan skólans. Öll þjónusta miðar að innihaldsríkum skóladegi sem er barnvænn og fjölskylduvænn. Á næstu fjórum árum ætlar menntaráð að brjóta upp hefðbundin skil á milli skóla og skólastiga og vinna markvisst að því að samþætta skóla- og frístundastarf.

Í skipulagi skóladagsins verður litið til aukinnar samkennslu og hreyfanleika fagkennara og frístundafræðinga milli skóla og betri nýtingar á húsnæði og fjármagni með tilliti til samreksturs og sameiningar stofnanna sem koma að lærdómsumhverfi barna. Áfram skal haldið með tilraunir á ólíkum rekstrarformum, líkt og í Dalskóla.

(úr „Rauðum þráðum“ menntaráðs, samþykktum 13. október 2010)

Tillaga 22: Sameining Ártúnsskóla, Kvarnaborgar og Skólasels

Lagt er til að grunnskólinn Ártúnsskóli, leikskólinn Kvarnaborg og frístundaheimilið Skólasel verði sameinuð undir einni yfirstjórn. Barnafjöldi eftir sameiningu yrði 63 börn á leikskólaaldri og 154 börn á grunnskólaaldri. Sameiningin komi til framkvæmda á árinu 2011 og við undirbúning breytinganna hafi fræðslustjóri, sviðsstjóri Leikskólasviðs, skrifstofustjóri tómstundamála og skólastjórnendur náði samráð við foreldra, nemendur og starfsfólk.

Rökstuðningur:

- Löng hefð er fyrir því að börn úr Kvarnaborg fari í Ártúnsskóla
- Öflugra samstarf og upplýsingamiðlun á milli mikilvægra aðila í nærumhverfi barna.
- Samfelldari vinnudagur barna verður til, byggður á reynslu og þekkingu fagstétta sem vinna að námi barna.

- Sameining starfsmannahópa sem starfa á ólíkan hátt getur leitt til enn frekari þróunar og nýbreytni í leik- og grunnskólastarfi og frístundastarfi og til verður fjölbreyttari þekking og reynsla í þágu barnanna.
- Við sameiningu má byggja upp heildstæðara nám og vinnudag nemenda og ná fram betri nýtingu fjármagns varðandi sérkennslu og aðra sérfræðiþekkingu.
- Leiklist og tónlist eru í öndvegi í Ártúnsskóla og góð yngri barna kennsla er í skólanum. Þetta ætti að vera styrkur við sameiningu þessara skóla og skapa tækifæri fyrir frístunda- og leikskólastarfið.
- Verk- og listgreinakennarar gætu komið að starfi á báðum skólastigum og samþætta mætti frístunda- og skólastarfið á fjölbreyttan hátt.
- Nægt rými er í Ártúnsskóla fyrir elsta árgang leikskólans, sem gæti skapað rými til að taka inn fleiri yngri börn í leikskólann. Einnig mætti hugsa sér samfelldt starf milli leik- og grunnskóla þar sem allir árgangar nýta húsnæði beggja skólastiga.
- Skólarnir eru nánast á sömu lóð og hægt að sameina skólalóðirnar með einföldum hætti.
- Góður möguleiki er á samnýtingu mötuneyta.
- Með því að sameina yfirstjórn skólanna og frístundaheimilisins verður til stærri rekstrareining og tækifæri gefst til að einfalda stjórnarsýslu, auka skilvirkni í stjórnun og stefnumótun og auðvelda yfirsýn.
- Með sameiningu má ná fram hagræðingu í rekstri og sparnaði í innkaupum.

Hafa þarf í huga:

- Að byggja á fyrri reynslu og hæfni barnanna þegar þau koma í grunnskólann úr leikskólanum.
- Að virða ólíka starfshætti leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila og að sameiginlegar námsaðferðir verði unnið út frá þeim.
- Að leikskólinn og grunnskólinn vinna út frá mismunandi lögum og ólíkum aðalnámskrám sem kennarar á báðum skólastigum verða að kynna sér svo skapist samfella í skólastarfinu.
- Að mismunandi menning og áherslupættir eru í þessum ólíkum skólastofnunum sem taka verður tillit til og vinna sérstaklega með í samstarfi við börn og foreldra.

Tillaga 23: Sameining Fossvogsskóla, Kvistaborgar og Neðstalands

Lagt er til að grunnskólinn Fossvogsskóli, leikskólinn Kvistaborg og frístundaheimilið Neðstaland verði sameinuð. Barnafjöldi eftir sameiningu yrði 63 börn á leikskólaaldri og 306 börn á grunnskólaaldri. Sameiningin komi til framkvæmda á árinu 2011 og við undirbúning breytinganna hafi fræðslustjóri, sviðsstjóri Leikskólasviðs, skrifstofustjóri tólmstundamála og skólastjórnendur náði samráð við foreldra, nemendur og starfsfólk.

Rökstuðningur:

- Löng hefð er fyrir því að börn úr Kvistaborg gangi í Fossvogsskóla.
- Öflugra samstarf og upplýsingamiðlun á milli mikilvægra aðila í nærumhverfi barna.
- Samfelldari vinnudagur barna verður til, byggður á reynslu og þekkingu fagstétta sem vinna að námi barna.

- Sameining starfsmannahópa sem starfa á ólíkan hátt getur leitt til enn frekari þróunar og nýbreytni í leik- og grunnskólastarfi og frístundastarfi og til verður fjölbreyttari þekking og reynsla í þágu barnanna.
- Við sameiningu má byggja upp heildstæðara nám og vinnudag nemenda og ná fram betri nýtingu fjármagns varðandi sérkennslu og aðra sérfræðiþekkingu.
- Góð yngri barna kennsla er í Fossvogsskóla sem ætti að vera styrkur við sameiningu þessara skóla og skapa tækifæri fyrir frístunda- og leikskólastarfið.
- Verk- og listgreinakennarar gætu komið að starfi á báðum skólastigum og samþætta mætti frístunda- og skólastarfið á fjölbreyttan hátt.
- Samfeltt starf milli leik- og grunnskóla býður upp á að allir árgangar nýti húsnæði beggja skólastiga.
- Með því að sameina yfirstjórn skólanna og frístundaheimilisins verður til stærri rekstrareining og tækifæri gefst til að einfalda stjórnýslu, auka skilvirkni í stjórnun og stefnumótun og auðvelda yfirsýn.
- Með sameiningu má ná fram hagræðingu í rekstri og sparnaði í innkaupum.
- Hægt er að samnýta mötuneyti.

Hafa þarf í huga:

- Að byggja á fyrri reynslu og hæfni barnanna þegar þau koma í grunnskólann úr leikskólanum.
- Að virða ólíka starfshætti leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila og að sameiginlegar námsaðferðir og skipulag vinnudags barna verði unnið út frá þeim.
- Að leikskólinn og grunnskólinn vinna út frá mismunandi lögum og ólíkum aðalnámskrám sem kennarar á báðum skólastigum verða að kynna sér svo skapist samfella í skólastarfinu.

Fjárhagslegt hagræði af tillögum um sameiningu leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila

- Hagræði vegna breytinga á yfirstjórn á árunum 2011-2014 er um 48,6 m.kr.
- Hagræði vegna betri nýtingar húsnæðis:
 - Við sameiningu Ártúnsskóla og Kvarnaborgar verða til fleiri leikskólaláss því eldri börn leikskólans gætu verið í leikskólastarfi innan veggja grunnskólans.
 - Hvert nýtt leikskólaláss kostar borgarsjóð 3 m.kr. í byggingu.

Verklagsreglur vegna sameiningar

Eitt af verkefnum hópsins samkvæmt erindisbréfi var að móta vinnureglur og verkferla sem snúa að sameiningu leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Starfshópnum þykir æskilegt að verklagsreglur vegna breytinga á yfirstjórn frístundaheimila verði mótaðar í samstarfshópi ÍTR, Menntasviðs og Leikskólasviðs er fjalla á um samþættan skóla og frístundadag barna í Reykjavík⁹. Hér verða því settar fram verklagsreglur um sameiningu leikskóla, sameiningu grunnskóla og sameiningu leik- og grunnskóla í eina stofnun.

⁹ Sjá tillögu 1 um sameiginlega yfirstjórn frístundaheimila og skóla.

Heiti verklagsreglu:


Sameining grunnskóla

Tilgangur og gildissvið:

Tilgangur verklagsreglunnar er að tryggja að unnið sé að sameiningu grunnskóla í Reykjavík með faglegum og fyrirfram skilgreindum hætti og að lögum og reglugerðum sé framfylgt. Verklagsreglan gildir fyrir sameiningu þeirra grunnskóla hjá Reykjavíkurborg sem starfshópur um greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila gerir nú tillögu um. Verklagsreglan nær yfir hvernig staðið skal að uppsögnum skólastjóra og ráðningu skólastjóra sameinaðs skóla.

Ábyrgð:

Borgarráð tekur ákvarðanir um sameiningar grunnskóla skv. verklagsreglu þessari að fenginni umsógn menntaráðs og skólaráða. Menntaráð ber ábyrgð á ráðningu skólastjóra. Skólastjóri gerir tillögu um fyrirkomulag stjórnunar í sameinuðum grunnskóla. Fræðslustjóri ber ábyrgð á framkvæmd sameiningar fram að þeim tíma er skólastjóri hins sameinaða skóla hefur störf. Eftir að skólastjóri hefur tekið til starfa þá stýrir hann sameiningu skólanna í samráði við fræðslustjóra. Fræðslustjóri og starfsfólk Menntasviðs veita stuðning og ráðgjöf. Menntasvið ber ábyrgð á að fylgja eftir sameiningunni, gera stöðumat og ytra mat á skólastarfi sameinaðs skóla.



Reykjavík, 28. febrúar 2011

Heiti verklagsreglu:


Sameining leikskóla

Tilgangur og gildissvið:

Tilgangur verklagsreglunnar er að tryggja að unnið sé að sameiningu leikskóla í Reykjavík með faglegum og fyrirfram skilgreindum hætti og að lögum og reglugerðum sé framfylgt. Verklagsreglan gildir fyrir sameiningu þeirra leikskóla hjá Reykjavíkurborg sem starfshópur um greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila gerir nú tillögu um. Verklagsreglan nær yfir hvernig staðið skal að uppsögnum leikskólastjóra og ráðningu leikskólastjóra sameinaðs leikskóla.

Ábyrgð:

Borgarráð tekur ákvarðanir um sameiningar leikskóla skv. verklagsreglu þessari að fenginni umsögn menntaráðs og foreldraráða viðkomandi leikskóla. Menntaráð ber ábyrgð á ráðningu leikskólastjóra. Sviðsstjóri Leikskólasviðs ber ábyrgð á framkvæmd sameiningar fram að þeim tíma er leikskólastjóri hins sameinaða leikskóla hefur störf. Eftir að leikskólastjóri hefur tekið til starfa þá stýrir hann sameiningu leikskólanna í samráði við sviðsstjóra Leikskólasviðs. Sviðsstjóri og starfsfólk Leikskólasviðs veita stuðning og ráðgjöf. Leikskólasvið ber ábyrgð á að fylgja eftir sameiningunni, gera stöðumat og ytra mat á starfi hins sameinaða leikskóla.



Reykjavík, 28. febrúar 2011

Heiti verklagsreglu:


Sameining grunnskóla og leikskóla

Tilgangur og gildissvið:

Tilgangur verklagsreglunnar er að tryggja að unnið sé að sameiningu leikskóla og grunnskóla í Reykjavík með faglegum og fyrirfram skilgreindum hætti og að lögum og reglugerðum sé framfylgt. Verklagsreglan gildir fyrir sameiningu þeirra grunnskóla og leikskóla hjá Reykjavíkurborg sem starfshópur um greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila gerir nú tillögu um. Verklagsreglan nær yfir hvernig staðið skal að uppsögnum skólustjóra og ráðningu skólustjóra sameinaðs skóla en ekki hvernig staðið skal að ráðningu annarra stjórnenda innan skólans.

Ábyrgð:

Borgarráð tekur ákvarðanir um sameiningar leikskóla og grunnskóla skv. verklagsreglu þessari að fenginni umsögn menntaráðs, skólaráðs grunnskóla og foreldraráðs leikskóla. Menntaráð ber ábyrgð á ráðningu skólustjóra. Skólustjóri gerir tillögu um fyrirkomulag stjórnunar í sameinuðum skóla. Fræðslustjóri og sviðsstjóri Leikskólasviðs bera ábyrgð á framkvæmd sameiningar fram að þeim tíma er skólustjóri hins sameinaða leik- og grunnskóla hefur störf. Eftir að skólustjóri hefur tekið til starfa þá stýrir hann sameiningu skólanna í samráði við sviðsstjóra þess sviðs borgarinnar sem viðkomandi skóli heyrir undir. Sviðsstjórar og starfsfólk Mennta- og Leikskólasviðs veita stuðning og ráðgjöf. Það svið borgarinnar sem skólinn tilheyrir ber ábyrgð á að fylgja eftir sameiningunni, gera stöðumat og ytra mat á skólastarfi sameinaðs skóla.



Reykjavík, 28. febrúar 2011

Viðaukar**Viðauki 1****Fjölgun plássa í leikskólum í Reykjavík 2011**

Börn á skrá í leikskólum Reykjav. fædd 2009 eru:	1567	Börn fædd 2010 búsett í Reykjavík:	1833
Börn í leikskólum Reykjavíkur fædd 2005 eru:	1304	Börn í leikskólum Reykjavíkur fædd 2006:	1587
	263	Fjölga þarf enn frekar leikskólarýmum 2012 til að mæta aldurshópnum fæddum 2010	
Vegna flutnings barna milli leikskóla vantar um	100		
Samtals vantar í leikskóla Rvík:	363	Mismunurinn er 246 börn	

Fjölgun barna í árgangi 2009 verður mætt með eftirfarandi hætti:

Rauðhóll	14	Færanleg stofa þar til í feb. 2012
Jöklaborg	16	Færanlegt hús rétt við leikskólann. Var nýtt af skólagörðunum.
Laugarborg	20	Skógarhús og/eða færanleg stofa
Hof	20	Skógarhús og/eða færanleg stofa
Garðaborg	40	Hólmgarður
Sólborg	30	Tvær færanlegar stofur
Sunnuborg	20	Færanleg stofa
Sæborg	20	Færanleg stofa
Gullborg	60	Grandaskóli og frístundarhúsnaðið
Dvergasteinn	20	Færanleg stofa
	260	
Fjölgun vegna endurskoðunar á barnafjölda í leikskólum í Reykjavík vestan Elliðaár	50	
Fjórir SSL hafa sótt um fjölgun	80	
	390	

Viðauki 2

Val á þátttakendum í rýnihópa

Þó rýnihópar séu ekki meginleg rannsóknaraðferð var stuðst við tvær úrtaksaðferðir slíkra rannsókna þegar einstaklingar voru valdir í hópana, annars vegar kvótaúrtak til að velja stofnanir sem sendu fulltrúa og hins vegar lagskipt slembiúrtak til að velja einstaklingana.

Þar sem hámarksfjöldi í rýnihópi bauð ekki upp á að einn fulltrúi kæmi frá hverjum leikskóla, grunnskóla eða frístundaheimili í hverfi var það viðmið notað að bjóða starfsfólki frá þeim stofnunum sem rætt var um að sameina. Í einstaka hverfi voru fleiri en 10 sameiningarhugmyndir til umræðu og var þá leitast við að velja fulltrúa starfsfólks í þeim stofnunum sem fleiri en ein hugmynd snéri að, eða stofnunum sem flóknar sameiningarhugmyndir voru um. Að þessu vali loknu var þess gætt að velja foreldra frá þeim stofnunum þar sem hugmynd um sameiningu var til umræðu en ekki áttu fulltrúa í rýnihópum starfsfólks. Í þeim hverfum þar sem leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili eru flest gat það gerst að einungis var unnt að koma að fulltrúa frá einni stofnun sem rætt var um að sameina og var þá hending látin ráða hvaða stofnun það var.

Af 119 leikskólum og grunnskólum komu starfsmenn eða foreldrar frá 88 eða 74% þeirra. Af þeim 31 leikskóla eða grunnskóla sem hvorki komu starfsmenn eða foreldrar frá voru 13 ekki með neina hugmynd til umræðu. Þannig voru 18 leikskólar eða grunnskólar með hugmynd til umræðu en ekki fulltrúa í hópi. Fyrirfram var búið að ákveða að tveir starfsmenn frístundaheimila væru í hverjum hópi, alls 12 fulltrúar.

Sömu grunnviðmið voru notuð við val á fulltrúum frá leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum. Nöfn voru dregin af handahófi úr starfsmannalistum stofnana sem áttu að fá fulltrúa skv. vali á stofnunum í hverfi, þó með þeim undantekningum að stjórnendur stofnunar gátu ekki orðið fyrir valinu þar sem þeir höfðu þegar komið í einstaklingsviðtöl og fyrirhugað var að boða til sérstaks fundar með í lokin. Aðstoðarskólastjórar höfðu möguleika á að vera boðin þátttaka. Miðað var við að fulltrúinn hefði ekki unnið skemur en 12-18 mánuði á vinnustaðnum.

Sérstök skilyrði

Frístundaheimili

Miðað var við tvo starfsmenn frá frístundaheimili; í yngri barna skóla og heildstæðum skóla ef þannig skólagerðir voru í hverfi, annars frá fámennum skóla annars vegar og fjölmennum hins vegar.

Leikskólar

Í leikskólum voru nöfn þeirra sem koma að starfi með börnum á deildum dregin úr starfsmannalista, með því skilyrði að a.m.k. einn leikskólakennari væri í hverjum rýnihópi. Byrjað var á að velja leikskólakennara af handahófi af leikskólum í hverfinu og svo voru nöfn hinna dregin.

Grunnskólar

Í grunnskólum voru nöfn þeirra sem koma að kennslu og þjálfun nemenda dregin úr starfsmannalistum. Í þremur hópum var sérstaklega dregið af starfsmannalista almennra starfsmanna.

Samsetning rýnihópa starfsfólks – fjöldi í rýnihópi*

	Breiðholt	Miðborg- Hlíðar	Vesturbær	Grafavogur- Kjalarnes	Laugardalur Háaleiti	Árbær- Grafarholt
<i>Frístundaheimili</i>	2	2	2	2	2	2
<i>Leikskólar</i>	5	5	4	4	3	3
<i>Grunnskólar</i>	4	2	4	4	4	4
<i>Alls</i>	11	9	10	10	9	9

*Boðaðir; sjá raunmætingu í töflum aftast.

Val á foreldrum

Í rýnihópi foreldra var þess gætt að fá fulltrúa foreldra frá þeim leik- og grunnskólum sem rætt var um að sameina. Fyrst var byrjað á að velja foreldra barna í þeim stofnunum sem rætt var um að sameina en náðu ekki fulltrúa inn í rýnihóp starfsmanna. Síðan voru valdir foreldrar sem áttu börn/nemendur í leikskólum/grunnskólum þar sem hugmyndir voru um sameiningu. Nemendaskrá grunnskóla var keyrð saman við leikskólaskrá og þannig búin til skrá um foreldra sem áttu a.m.k. tvö börn í leikskólum/grunnskólum hverfisins til þess að ná snertingu við sem flestar stofnanir. Þess var einnig gætt að einhverjir foreldrar væru með barn á frístundaheimili og sá ÍTR um að kanna það. Þegar þessir skilgreindu hópar foreldra lágu fyrir var valið af handahófi í þá.

Viðauki 3

Um heildarmat á skólastarfi

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 skólum á ári. Skipaður var stýrihópur heildarmats á Menntasviði til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Alls hefur heildarmat farið fram í 24 grunnskólum í Reykjavík á árunum 2007-2010. Áætlað er að heildarmat fari fram í 7 grunnskólum á skólaárinu 2010-2011.

Matið byggir á ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs í 35. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008, 36. gr. laganna um innra mat, 37. gr. um ytra mat sveitarfélaga og 39. gr. um ytra mat menntamálaráðuneytis. Leiðarljós matsins, eins og alls skólastarfs í borginni, er að börnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum eins og hún birtist í starfsáætlun Menntasviðs (Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar, 2010) er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf; laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Markmið heildarmats:

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans.
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum.
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi.
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum.

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt með viðtölum við stjórnendur, fulltrúa kennara og stjórn nemendafélags. Rýnihópar stjórnenda, kennara (tveir til þrjú hópar), annars starfsfólks, foreldra og nemenda (tveir til þrjú hópar) svara hálfopnum spurningum um skólastarfið. Nám og kennsla eru metin með gátlista í vettvangsathugunum en einnig er farið yfir ýmis skrifleg gögn sem skólinn lætur í té skv. gátlista.

Gerð er ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika. Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til fræðslustjóra. Skýrslan er vinnuskjal skólans, en skólar eru hvattir til að birta hana á heimasíðu sinni.

Flestir skólarnir sem nefndir eru í sameiningarhugmyndunum hafa farið í gegnum heildarmat.

Sjá nánar á www.netla.khi.is

Viðauki 4

Erindisbréf hópsins



ERINDISBRÉF

Starfshópur um greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila

Menntasvið - Skjalasafn

22. Nóv. 2010

Málsnr.: MSK 2910110068

Skjalalykill: 7304

Ábyrgðarmaður:

Jón Gnarr, borgarstjóri

Hlutverk:

Að greina tækifæri í hverfum borgarinnar til endurskipulagningar á rekstri leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila með faglegan og fjárhagslegan ávinning í huga.

Helstu verkefni starfshópsins eru:

- Að útfæra og tímasetja tillögur til næstu fjögurra ára á mögulegum sameiningarkostum (módelum) leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila í Reykjavík
- Að greina faglegan og fjárhagslegan ávinning við hvern sameiningarkost
- Að kanna mögulega breytingu á mörkum skólahverfa með það í huga að jafna betur nemendafjölda tiltekinna grunnskóla
- Að móta vinnureglur og verkferla sem taka til endurskipulagningar á rekstri leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila

Fulltrúar í vinnuhópi:

Oddný Sturludóttir

Diljá Ámundadóttir

Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri

Ragnhildur E. Bjarnadóttir, sviðsstjóri Leikskólasviðs

Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri ÍTR

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir

Formaður vinnuhóps:

Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs Reykjavíkur

Verkefnisstjóri:

Óskar Sandholt

Ráðgjöf og samstarf:

Starfsfólk á Leikskólasviði, Menntasviði og Íþrótt- og tómtundasviði ásamt öðrum sérfræðingum sem leitað verður til. Leikskóla- og skólastjórnendur, sem og forstöðumenn frístundamiðstöðva og verkefnastjórar frístundaheimila í hverju hverfi, ásamt fulltrúum foreldra.

Starfstímabil:

8. nóvember 2010 - 1. febrúar 2011

Skil:

Til borgarstjóra/borgarráðs

Reykjavík, 18. nóvember 2010

Jón Gnarr

Viðauki 5

Erindisbréf starfshóps um starfsmannamál við sameiningu grunnskóla, leikskóla og frístundastarfs



R10110007
ZLO

ERINDISBRÉF

starfshóps um starfsmannamál við sameiningu grunnskóla, leikskóla og frístundastarfs

Ábyrgðarmaður:

Skrifstofustjóri borgarstjóra

Starfshópin skipa:

Hallur Páll Jónsson, mannauðsstjóri, formaður
Kristín Þóra Harðardóttir, vinnuréttarlögfræðingur, MAU
Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri LSR
Snorri Jónsson, starfsmannastjóri ÍTR
Valgerður Janusdóttir, starfsmannastjóri MSR

Hlutverk:

Að veita ráðgjöf um starfsmannatengd mál, við framkvæmd þeirra breytinga sem sameining og samrekstur grunnskóla, leikskóla og frístundastarfs mun kalla á.

Helstu verkefni:

Ráðgjöf til sviðsstjóra MSR, LSR og ÍTR er lýtur að vinnuréttarlegum atriðum, m.a. ákvörðunum um tilfærslur og uppsagnir starfsmanna og stjórnenda á viðkomandi sviðum, vegna fyrirhugaðra breytinga.

Starfstímabil:

Gert er ráð fyrir starfshópurinn ljúki helstu ráðgjöf sinni fyrir lok janúar n.k.

Reykjavík, 10. janúar 2011

Regína Ásvaldsdóttir
skrifstofustjóri borgarstjóra

Viðauki 6

Greinargerð Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur, fulltrúa sjálfstæðismanna í starfshópi um greiningu tækifæra til samrekstrar og sameiningar í leikskólum, grunnskólum og frístund.

Skýrsla starfshópsins er á ábyrgð meirihluta Besta flokksins og Samfylkingarinnar. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins situr hjá við afgreiðslu hennar vegna þess að fjárhagslegur ávinningur af tillögnum er of lítil miðað við það rask á skólastarfi sem þær hafa í för með sér.

Tillögurnar sem settar eru fram um samrekstur skóla eru óásættanlegar miðað við þann litla fjárhagslega ávinning sem þær skila. Samtals er hagræðing af sameiningu og samrekstri undir einu prósentu af heildarútgjöldum þeirra þriggja sviða sem unnu að þessari skýrslu þegar að tillögurnar eru að fullu komnar til framkvæmda. Búast má við að talsvert rask á skólastarfi verði þegar stofnanir verða sameinaðar, sér í lagi þegar unnið er í óþökk og andstöðu starfsmanna, foreldra og stjórnenda. Hætt er við að tímabundið skapist órói og ótti vegna árekstra og átaka í sameiningu starfsumhverfis ólíkra stétta sem nú sameinast og hafi þannig áhrif á að börn og nemendur verði síður í fyrirrími í skóla- og frístundastarfi. Sá litli fjárhagslegi ávinningur sem af þessu hlýst er dýru verði keyptur ef rót í skólum borgarinnar á viðkvæmum tímum í efnahagslífinu verður langvarandi.

Fyrir liggur mikil vinna starfshópsins og embættismanna. Þessi vinna er mjög mikilvæg að mörgu leyti. Í fyrsta lagi liggur fyrir að ýmis tækifæri liggja í samstarfi skóla sem mörg komu í ljós í þessari vinnu. Tækifærin sem fram komu munu eflaust leiða saman stjórnendur til samstarfs eða vera forsenda innleiðingar verkefna frá fagsviðum. Í öðru lagi leiddi starf hópsins í ljós gríðarlegt magn húsakosts skóla og frístundaheimila sem hægt er að nýta betur og fresta þannig fjárfestingum í einhvern tíma. Þessa greiningu ætti að festa í sessi sem árlega rýningu til að nýta betur eignir borgarinnar þvert á svið. Þessi frestun fjárfestinga er hins vegar alveg ótengd samrekstraráformum þeim sem lögð eru til í skýrslunni. Í þriðja lagi er ljóst að tilraunir í skólastarfi, t.d. með samrekstri skólastiga, gefa tækifæri til að rannsaka hvernig lágmarka eigi múra og tortyggni á milli fagfólks og lágmarka að auki hindranir vegna ólíkra kjarasamninga. Í fjórða lagi er með þessu starfi ljóst að sameining skólastofnana skilar ekki mikilli hagræðingu og erfitt að tryggja að hagræðingin skili sér til lengri tíma. Að lokum er ljóst þegar tölur eru rýndar að raunveruleg hagræðing, sé það markmiðið, verður ekki í skólakerfinu nema starfsfólki fækki að einhverju marki.

Fjárhagslegur ávinningur af tillögnum er það lítil að engan veginn nást áætlanir um hagræðingu á þessu ári né því næsta á þeim þremur sviðum sem um ræðir. Í tillögum starfshópsins eru ýmsar tillögur sem eru þess virði að setja af stað en aðrar mjög viðkvæmar og skapa of mikinn óróa miðað við þann litla fjárhagslega ávinning sem af þeim hlýst. Mikið er í húfi að sameining gangi vel og farið sé af yfirvegun af stað. Upplýsingar um lítinn ávinning af samrekstri á síðustu metrunum bendir því miður til þess að ekki hafði verið skoðað nægilega vel hvað samrekstur skóla hefur í raun lítinn fjárhagslegan ávinning í för með sér þegar fjárhagsláætlun var unnin.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins átelur þau vinnubrögð að tölur um hagræðingu hafi ekki verið settar fram fyrr en á síðustu dögum. Í þokkabót tóku tölurnar stórkostlegum breytingum sama dag og skýrslu starfshópsins var lokað endanlega og án staðfestingar frá hópnum. Þetta er fullkomnlega óásættanlegt og allri ábyrgð á vinnubrögðum vísað til meirihlutans. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins lítur þannig á að tölur um hagræðingu séu mjög óljósar og á reiki og treystir því að skólafólk og foreldrar sjái í gegnum slík vinnubrögð. Benda þarf sérstaklega á að ekki er hægt að tala um hagræðingu vegna innri leigu skóla eða rekstrarkostnað vegna húsnæðis sem ekki er búið að leggja í kostnað út af eða var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun né fjárfestingaáætlun. Ítrekað er að hagræðing af sameiningu og samrekstri 2012 er undir einu prósentu af heildarútgjöldum þeirra þriggja sviða sem unnu að þessari skýrslu.

Tillögurnar sem nú liggja fyrir eru að miklum hluta til keyrðar áfram með það að markmiði að finna húsnæði fyrir leikskóla borgarinnar sem tekur nú á móti stærsta árgangi Íslandssögunnar sem fæddist 2009. Benda þarf á að umrætt gat í rekstri borgarinnar sem leitast er við að hagræða með fyrirliggjandi tillögum er að hluta til komið vegna þessa en hvert pláss fyrir yngstu leikskólabörnin kostar brúttó 160.000 kr. á mánuði. Ljóst er að það er gott og göfugt markmið að mæta þörfum foreldra í þessu sjónarmiði en forgangsroðun fjármuna hefur ekki verið rædd við foreldra, þ.e. hvort eða hvernig skuli

forgangsraða þjónustu við börn. Markmiðið um tryggingu leikskólaplássna má ekki stjórna för í svona viðkvæmum hagræðingaraðgerðum eins og við sameiningu skóla.

Tillögurnar falla af miklu meiri þunga á leikskóla en á grunnskóla. Flestir eru sammála um að stækka þurfi einingar leikskóla vegna mjög líttilla leikskóla og að hagkvæmt sé í flestum tilfellum að sameina leikskólaeiningar á sömu lóð. Leikskólar borgarinnar eru þó margir hverjir í viðkvæmri stöðu og þyrftu einnig í vissum tilfellum lengri aðdraganda til undirbúnings líkt og grunnskólarnir og frístundaheimilin enda ólíkar stefnur og menning í ólíkum leikskólum eins og í ólíkum grunnskólum. Leikskólar borgarinnar eru stöðugt undir álagi, alltaf er krafa um að koma fleiri börnum að og alltaf er vandi við að ráða fólk, bæði leikskólakennara og aðra starfsmenn. Þessar miklu breytingar nú geta haft langvarandi áhrif. Líklegt er að brottfall verði í leikskólakennarastétt þegar sameiningar ganga yfir en faglærðir starfsmenn eru dýrmætir í leikskólaumhverfinu. Hætt er við að breytingarnar muni taka lengri tíma út af þessu og nýbreytni og þróun geti stöðvast, að minnsta kosti tímabundið.

Einnig er ljóst að sameining leik- og grunnskóla er afar viðkvæm aðgerð. Mikilvægt er að skoða slíkar sameiningar og jafnvel fara í þær í tilraunaskyni en ljóst er að mikið þarf að vinna til að sameinaður skóli verði samstæður í stefnumörkun og samstarfi kennara. Margir þættir spila þar inn í, t.d. kjarasamningar, en tilraunastarf er mikilvægt til þess að þróun kjarasamninga byggji á tilraunum sem eru rýndar vel.

Samrekstur frístundaheimila og skóla hefur lengi verið í deiglu og almennur samhljómur er um aukið samstarf skóla og frístundastarfs. Frístundastarf hefur eflst mikið og faglegt starf í frístundaheimilum er afar gott. Fjárhagslegur ávinningur af sameiningu þessara eininga er líttill á ársgrundvelli og mikilvægt að tryggja með öllum ráðum að faglegt starf fari ekki forgörðum við sameiningu yfirstjórnar grunnskóla og frístundaheimila. Ef gengið er of hratt í sameininguna er hætt við því að frístundastarfið breytist aftur í lengda viðveru og missi þá sérstöðu sem byggð hefur verið upp. Að auki er mikilvægt að hafa í huga að sú hagræðing sem áætluð er í þessu samhengi er háð þeim breytingum á stjórnkerfinu í heild sinni sem eru yfirvofandi.

Foreldrar eru flestir óttaslegnir yfir þeim breytingum sem eru framundan. Það er sárt að foreldrar hafi ekki upplifað starf hópsins sem gegnsætt eða í samráði við þá og því afar mikilvægt að allt það breytingarferli sem framundan er fari í skilgreint samráðsferli þar sem foreldrar fá mikla aðkomu að öllum upplýsingum, faglegum og fjárhagslegum. Í skýrslu vinnuhópsins er ekki gefin nægilega rétt mynd af neikvæðum anda ábendinga og niðurstaðna funda með foreldrum og starfsmönnum. Mikill meirihluti ábendinga frá foreldrum og starfsmönnum voru neikvæðar og mikilvægt að vinna með öll samrekstrarverkefni með auðmýkt fyrir viðkvæmni þess að breyta umhverfi barna og unglinga og lærdómsumhverfi þeirra. Fulltrúi Sjálfstæðismanna í starfshópnum telur mikilvægt að foreldrar og starfsmenn hafi aðgang að ábendingum sem bærust starfshópnum.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í starfshópi um samrekstur og sameiningu í skólum og frístund hefur frá upphafi talið mikilvægt að skoða ítarlega þau tækifæri sem felast í samrekstri og sameiningu skóla og frístundaheimila. Börnin í borginni eiga heimtingu á því að stjórnmalamenn skoði öll þau tækifæri til hagræðingar sem hafa ekki bein áhrif á þau eða skaða þeirra náms- og starfsumhverfi. Slík rýning þarf að fara fram með langtímastefnu í skólamálu að leiðarljósi. Fyrst og fremst hefur verkefnið verið nauðsynlegt til að greina fjárhagslegan ávinning enda líttill faglegur ávinningur af sameiningu og samrekstri. Sá faglegi ávinningur sem var ein af forsendum verkefnisins er algjörlega óskilgreindur og órannsakaður og farsælast að mati fulltrúa Sjálfstæðisflokksins að viðurkenna í skýrslunni að engin trygging sé á því að slíkt eigi sér stað í náinni framtíð.

Á öllum stigum máls hafa fulltrúar í starfshópnum lagt sig fram við að skoða ítarlega hvert einasta tækifæri og þakkir eru veittar sérstaklega starfsmönnum og stjórnendum sem hafa lagt allt sitt undanfarnar vikur, nótt og dag, til að ná utan um þetta flókna verkefni á tiltölulega skömmum tíma. Starfsmönnum, foreldrum, nemendum og stjórnendum Mennta-, Leikskóla- og Íþrótt- og tómsundasviðs er óskað góðs gengis við innleiðingu og framkvæmd þeirra verkefna sem framundan eru.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
fulltrúi sjálfstæðismanna í starfshópi

Viðauki 7

Kort af hverfum Reykjavíkurborgar (10 kort)